



FMS 2021-34
ISBN 978-9935-522-17-7

OKTÓBER 2021

Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 - Skútustaðarhreppur

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

© Ferðamálastofa 2021

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is

Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 – Skútustaðarhreppur

Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Númer: FMS 2021-34

ISBN: 978-9935-522-17-7

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Aðferðir og framkvæmd rannsóknar.....	3
Frá sjónarhóli íbúa: Staða ferðapjónustunnar fyrir COVID-19-faraldurinn	6
Upplifun íbúa af ferðamönnum og ferðapjónustu í heimsfaraldri	16
Framtíð og endurreisn ferðapjónustunnar	26
Samantekt	37
Umræður og lokaorð – Allir staðir	39
Heimildaskrá	41
Viðauki 1 Spurningalisti fyrir símakönnun.....	44
Viðauki 2 Niðurstöður símakönnunar Tíðnitöflur og bakgrunnsgreining	48

Myndaskrá

Mynd 1 Mælikvarðar fyrir ánægju íbúa með ferðapjónustu og mat þeirra á mikilvægi hennar	10
Mynd 2 Mat íbúa á ánægju með ferðapjónustu og mikilvægi hennar fyrir samfélagið.....	10
Mynd 3 Upplifun af fækkun ferðamanna - svör úr Mývatnssveit	17
Mynd 4 Upplifun af fækkun ferðamanna - allir staðir.....	18
Mynd 5 Íbúar sem fundu fyrir skertri þjónustu vegna fækkunar ferðamanna - allir staðir	18
Mynd 6 Áhrif COVID-19 á tekjur einstaklinga – allir staðir.....	20
Mynd 7 Atvinnuleysi hafi bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu - allir staðir	21
Mynd 8 Engir skemmtiskipadagar– svör Mývetninga	24
Mynd 9 Hlutfall þeirra sem fannst íslenskir ferðamenn vera meira áberandi - allir staðir	24
Mynd 10 Mat íbúa á mikilvægi ferðapjónustunnar fyrir atvinnulíf og á mikilvægi þess að ferðapjónusta nái fyrri styrk	26
Mynd 11 Viðhorf íbúa til mótvægisáðgerða stjórnvalda til stuðnings ferðapjónustu - allir staðir	26
Mynd 12 Viðhorf íbúa til takmarkana stjórnvalda á landamærum - allir staðir.....	27
Mynd 13 Væntingar íbúa um sjálfbærni við endurreisn ferðapjónustunnar - allir staðir	28
Mynd 14 Hlutfall svarenda sem hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur - allir staðir	32
Mynd 15 Afstaða Mývetninga til fjölda ferðamanna að loknum heimsfaraldri	33
Mynd 16 Viðhorf íbúa til áframhaldandi markaðssetningar heimabyggðar til að laða að fleiri ferðamenn - allir staðir.....	34
Mynd 17 Hlutfall íbúa sem taldi mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til að ferðast um eigið land	34

Töfluskrá

Tafla 1 Yfirlit yfir viðmælendur í Mývatnssveit	4
Tafla 2 Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar í Mývatnssveit.....	5
Tafla 3 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar	21
Tafla 4 Þættir og þáttahleðslur	35
Tafla 5 Alfastuðlar þáttanna.....	35
Tafla 6 Lýsandi tölfræði fyrir þættina.....	36
Tafla 7 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á þáttum um endurreisn ferðapjónustunnar við Mývatn.....	36

INNGANGUR

Framtíðarsýn Íslenskra stjórnvalda til 2030 er að ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði heimamanna (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Verkefni nr. 3 í Rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2020-2022, sem snýr að mati á viðhorfi Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna á tilteknum tíma bæði á landsvísu og eftir landshlutum, er liður í vöktun á viðhorfum heimamanna og tekur mið af þessari framtíðarsýn (Ferðamálastofa, 2020). Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa verið könnuð á hverju ári frá 2014 og verið hluti af reglubundinni gagnasöfnun hins opinbera síðan 2017. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017 og 2019 og þess á milli sem tilviksrannsóknir (e. case studies) í einstökum samfélögum, þrjár til fjórar á ári. Kveikjan að þessum rannsóknum var hin hraða fjölgun í komum erlendra ferðamanna til landsins sem hófst 2011 og náði til ársins 2018 nýjum hæðum á hverju ári. Í rannsóknunum er fylgst með breytingum í viðhorfum og hvort vísbendingar komi fram um álag á heimamenn/samfélag vegna ferðamanna í heimabyggðinni. Öflun og greining gagna viðheldur samfelldri tímalínu um viðhorf heimamanna á Íslandi. Landskannanirnar styðja við álagsmat á Jafnvægisási ferðamála og lykilmælikvarða stjórnvalda til að meta árangur og ávinning ferðaþjónustunnar.

Niðurstöður rannsókna á viðhorfum Íslendinga sýna að í huga heimamanna er ferðaþjónustan ekki bara atvinnugrein sem skapar verðmætar tekjur og atvinnu heldur er hún einnig félagslegt, mótandi afl sem nærir fólk og viðheldur gangverki samfélaga (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Að mati Íslendinga snúa jákvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að efnahagslegum ávinningi, bættum lífsgæðum, fjölbreyttu mannlífi og tilfinningu íbúa um ánægju og bjartsýni. Haustið 2019 sögðu 92% Íslendinga að það myndi hafa afleiðingar fyrir samfélagið ef ferðamenn myndu hætta að koma (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Þessi sviðsmynd um brotthvarf ferðamanna úr íslenskri ferðaþjónustu var óhugsandi þegar henni var varpað fram.

Ferðamennska hefur áhrif á samfélag heimamanna þegar staður umbreytist í áfangastað en lítið er vitað hvaða áhrif það hefur á heimamenn ef ferðamennirnir hætta skyndilega að koma. Því er brýnt að rannsaka hvernig COVID-19-faraldurinn mótar hegðun og viðhorf ferðamanna og íbúa. COVID-19 getur markað djúp spor í

hugsun og tilfinningar ferðamanna og breytt til frambúðar hvernig fólk ferðast (Zencker og Kock, 2020; Ivanova, Ivanov og Ivanov, 2020). Á sama hátt gæti faraldurinn haft áhrif á viðhorf heimamanna.

Ferðamálastofa fól Rannsóknamiðstöð ferðamála að kanna áhrif COVID-19-faraldursins á viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu og ferðamanna í byggðum landsins. Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif breytts landslags í ferðamálium hér á landi, sem rakið er til COVID-19-faraldursins, á viðhorf heimamanna, hvernig heimamenn upplifi breytingarnar og hverju þeir finni mest fyrir. Rannsóknin var gerð á fjórum stöðum: Ísafirði, Höfn í Hornafirði, í Skútustaðahreppi (Mývatnssveit) og 101 Reykjavík. Á þessum stöðum voru gerðar greiningar á viðhorfum heimamanna á árunum 2015 og 2016 sem drógu fram þemu og álitamál tengd ferðamennsku á hverjum stað. Auk þess veita landshlutagögn úr könnun meðal Íslendinga 2019 innsýn í viðhorf heimamanna á Íslandi áður en COVID-19-faraldurinn skall á. Því voru tækifæri fyrir hendi til að draga fram hið breytta ástand í einstökum samfélögum þegar ferðamennirnir komu ekki og ferðaþjónustan stöðvaðist nær alveg. Rannsóknin fór fram veturinn 2020-2021. Tekin voru einstaklingsviðtöl við íbúa á stöðunum fjórum og þeim fylgt eftir með spurningakönnun sem lögð var fyrir úrtak íbúa gegnum síma. Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í fjórum samantektarskýrslum fyrir hvern og einn stað.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar í Skútustaðahreppi í Mývatnssveit. Íbúafjöldi er 471 (Hagstofa Íslands, 2021a), þar af búa um 220 í þéttbýlinu Reykjahlíð (Hagstofa Íslands 2021b). Árið 2020 bjuggu 507 í sveitarfélaginu og höfðu íbúar aldrei verið fleiri. Íbúafækkunin, sem varð árið 2021 og nam 7% frá árinu á undan, var sú fyrsta í sveitarfélaginu frá árinu 2014 (Hagstofa Íslands, 2021a).

Helstu atvinnuvegir í Skútustaðahreppi eru ferðaþjónusta, sem er orðin heilsársatvinnugrein, orkuvinnsla auk landbúnaðar (Skútustaðahreppur, 2020). Meðfram Mývatni liggur þjóðvegur nr. 1 en þjóðleiðin milli Norðurlands og Austurlands lá þar áður um Mývatnsöræfi milli bæja Reykjahlíðar og Grímstaða á Fjöllum (Morgunblaðið, 1995, 3. ágúst). Mývatnssveit er meðal elstu og þekktustu

áfangastaða ferðamanna á Íslandi. Þar eru nokkur hótél, veitingastaðir og tjaldsvæði auk annarra ferðaþjónustufyrirtækja og eru gistiþláss hátt á annað þúsund (Markaðsstofa Norðurlands, 2018). Um það bil 70% erlendra ferðamanna sem heimsækja Norðurland koma að Mývatni (Oddný Þóra Óladóttir, 2020). Áætlaður heildarfjöldi erlendra ferðamanna við Mývatn árið 2019 var um 430.000 manns (Oddný Þóra Óladóttir, 2020). Náttúrufegurð svæðisins er mikil en helstu staðirnir sem draga að sér ferðamenn eru: Dimmuborgir, Höfði, Hverfjall/-fell, Leirhnjúkur/Krafla, Skútustaðagígar, Hverarönd/Námaskarð, Grjótagjá o.fl. (Skútustaðahreppur, 2020). Könnun meðal erlendra ferðamanna árið 2019 leiddi í ljós að meirihluti ferðamanna hafði ákveðið viðkomu á svæðinu fyrir Íslandsferð og að staðsetning svæðisins í alfaraleið skipti miklu máli (Þórný Barðadóttir, 2020). Í áfangastaðaáætlun 2021-2023 er lögð áhersla á fimm verkefni í Skútustaðahreppi; lagningu göngu- og hjólastígs umhverfis Mývatn, opnun gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs, uppbyggingu stíga, aðstöðu, bílastæða og salerna við Höfða, uppbyggingu og lagfæringu á ferðamannaástöðu við Hveri og lagfæringu gönguleiða við Vindbelg (Markaðsstofa Norðurlands, 2021)

Rannsókn á viðhorfum Mývetninga til ferðamanna og ferðaþjónustu var gerð árið 2016 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. 2016). Í rannsókninni, sem byggði á viðtölum við íbúa og spurningakönnun, kom fram velvilji íbúa gagnvart ferðamönnum. Þrátt fyrir að ferðaþjónusta væri undirstöðuatvinnuvegur höfðu íbúar áhyggjur af því að fjárhagslegur ávinningur af ferðaþjónustu væri ekki í samræmi við umfang hennar og að innviðir samfélagsins hafi ráðið illa við þáverandi fjölda ferðamanna (Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. 2016). Viðvörðunarljós voru því farin að loga varðandi þol íbúa gagnvart ferðaþjónustu á svæðinu.

Í upphafi kórónuveirufaraldursins var Skútustaðahreppur eitt þeirra sveitarfélaga sem líklegt var að yrði fyrir hvað þyngstu höggi vegna hruns ferðaþjónustunnar (Byggðastofnun, 2020, 12. maí). Sveitastjóri Skútustaðahrepps lét í ljós áhyggjur af óvissu vegna faraldursins þar sem að samfélagið væri mjög háð ferðaþjónustu og ætti mikið undir henni (Óðinn Svan Óðinsson, 2020, 28. febrúar). Skútustaðahreppur var einmitt eitt þriggja sveitarfélaga þar sem hlutdeild ferðaþjónustunnar af atvinnulífi svæðisins var metin mjög há, atvinnuleysi mikið og takmarkaðir möguleikar á annarri vinnusókn vegna fjarlægðar frá stærri vinnusóknarsvæðum (Stjórnarráð Íslands, 2020, 18. ágúst). Skútustaðahreppur

fékk aukaframlag frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á fjárukalögum 2020 til að styðja við atvinnulíf og samfélag vegna hruns í ferðaþjónustu (Stjórnarráð Íslands, 2020, 18. ágúst). Markmið aðgerðanna var að skapa betri grundvöll fyrir fjölbreyttara atvinnulífi til lengri tíma, styrkja stoðir og stuðla að nýsköpun.

Skýrslan er í sjö köflum. Á eftir inngangi er gerð grein fyrir framkvæmd og aðferðum rannsóknarinnar. Niðurstöður rannsóknarinnar eru í þremur hlutum þar sem niðurstöður viðtala og spurningakönnunarinnar fléttast saman. Í þeim fyrsta er sjónum beint að stöðu ferðaþjónustunnar í Mývatnssveit fyrir kórónuveirufaraldurinn út frá sjónarhóli íbúa. Annar hluti fjallar um upplifun Mývetninga af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimsfaraldri og í þriðja hluta er gerð grein fyrir hugmyndum íbúa um framtíð og endurreisn ferðaþjónustunnar í heimabyggð að heimsfaraldri loknum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru eftir atvikum bornar saman við fyrri rannsókn á viðhorfum íbúa í Mývatnssveit frá 2016 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl., 2016) og við könnun á viðhorfum Norðlendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu árið 2019 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020b). Að lokum eru teknar saman helstu niðurstöður rannsóknarinnar í Mývatnssveit og í lokaorðum er fjallað um helstu niðurstöður frá öllum rannsóknarstöðunum með tilliti til þess hvað var sameiginlegt í viðhorfum íbúanna á stöðunum fjórum og hvað var ólíkt.

Verkefnastjórn, viðtöl, greining og skýrsluvinna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Umsjón með framkvæmd könnunar og úrvinnslu hrágagna símakönnunar hafði Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Hrágögnum úr símakönnun var skilað til Ferðamálastofu. Aftast í þessari samantekt er að finna tíðnitöflur og bakgrunnsgreiningu fyrir hverja spurningu í könnuninni í Mývatnssveit. Þar er einnig að finna töflur með niðurstöðum úr hverri spurningu símakönnunarinnar með samanburði milli rannsóknarstaðanna fjögurra.

Höfundur vill færa öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoðuðu við gerð þessarar rannsóknar þakkir fyrir gott samstarf. Sérstakar þakkir fá Mývetningar fyrir góðar undirtektir í viðtölum og símakönnun og fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni.

AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR

Rannsóknin sem hér um ræðir er tilviksrannsókn á fjórum stöðum þ.e. í miðborg Reykjavíkur (pnr. 101), á Ísafirði (pnr. 400), í Skútustaðahreppi (pnr. 660) og á Höfn í Hornafirði (pnr. 780). Notast var við blandað rannsóknarsnið þar sem bæði eigindlegum og meginlegum aðferðum var beitt. Eigindlegar aðferðir eru til þess fallnar að dýpka skilning á viðhorfum heimamanna en meginlegar aðferðir gefa yfirlit yfir viðhorf heimamanna og gera rannsakendum kleift að draga ályktanir um þýðið, að uppfylltum tölfræðilegum forsendum (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir, 2016). Sömu aðferðum var beitt á öllum stöðunum fjórum. Gagna var aflað með viðtölum við íbúa og með spurningakönnun sem var lögð fyrir úrtak íbúa gegnum síma.

Viðtöl

Á öllum rannsóknarstöðunum voru tekin hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við íbúa þar sem umræðuefnið var fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Viðmælendur voru valdir með hentugleikaúrtaki einstaklinga sem búa á rannsóknasvæðunum. Áhersla var lögð á að ná til einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa fasta búsetu á viðkomandi svæði og hafa ekki ferðaþjónustu að aðalstarfi. Það skal þó tekið fram að í einstaka tilvikum komu í ljós tengsl viðmælenda við ferðaþjónustu sem ekki var vitað um en viðkomandi var áfram þátttakandi í rannsókninni.

Í viðtölunum var leitað eftir ítarlegri upplýsingum og dýpri skilningi á viðhorfum og upplifun íbúa á ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimabyggð í breyttum aðstæðum vegna COVID-19-faraldursins en hægt er að ná fram með meginlegri spurningakönnun. Viðtökur þátttakenda fóru langt fram úr væntingum og í mörgum viðtölum tjáðu viðmælendur ánægju sína um að fá að ræða við hlutlaus aðila um upplifun þeirra af áhrifum og stöðu ferðaþjónustunnar á daglegt líf í þeirra heimabyggð í miðjum heimsfaraldri. Þegar gagnaöflun lauk var heildarfjöldi viðtala 44 og var rætt við 20 karla og 24 konur og var meðallengd viðtala 59 mínútur.

Með viðtölunum er skrásett hvernig einstaklingar færðu í orð upplifanir sínar á ferðaþjónustu og ferðamennsku í breyttum veruleika í miðjum heimsfaraldri og hvaða skilning þeir lögðu í þessi atriði á þeim tíma sem viðtölin fóru fram. Viðtölin varpa ljósi á það hvers vegna tilteknir áhrifaþættir eru mikilvægir í augum íbúa og hvernig íbúar bregðast við þeim. Viðtölin hafa ekki alhæfingargildi fyrir niðurstöður rannsóknarinnar heldur dýpka þau skilning á niðurstöðum spurningakönnunarinnar á hverjum stað (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir; Veal, 2006).

Til að nálgast viðmælendur var farið í gegnum svokallaða lykilmenn eða tengiliði ýmist á svæðunum eða sem höfðu tengsl við svæðin og höfðu það hlutverk að koma með ábendingar um hugsanlega viðmælendur sem uppfylltu ofangreind skilyrði. Símanúmera var aflað gegnum upplýsingavefinn Já þar sem hægt er að nálgast skráð símanúmer einstaklinga. Notast var við Excel töflureikni til að raða nöfnunum upp á handahófskenndan hátt. Samband var haft við einstaklinga samkvæmt uppröðun töflureiknisins, þeim kynnt rannsóknin og boðin þátttaka. Ef ekki náðist í einstakling var hringt í þann næsta og svo koll af kolli. Ef einstaklingur samþykkti þátttöku var hann beðinn um að gefa upp netfang og fékk sent kynningarbréf um rannsóknina, sem einnig innihélt ítarlegar upplýsingar um ábyrgðaraðila, hljóðritun, meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, rétt þátttakenda til að hætta við þátttöku og staðfestingu á viðtalstíma. Viðmælendur voru beðnir um að veita upplýst samþykki fyrir þátttöku. Hvorki var farið fram á né unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar.

Viðtölin fóru fram á tímabilinu 2. desember 2020 – 24. febrúar 2021, ýmist í síma eða gegnum fjarbúnað til að tryggja örugga samskiptafjarlægð og minnka útbreiðslu á COVID-19. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð. Afrituð gögn voru kóðuð og greind með forritinu QDA Miner. Allar upplýsingar sem þátttakendur veittu í rannsókninni voru gerðar ópersónugreinanlegar og meðhöndlaðar samkvæmt kröfum um trúnað og nafnleynd. Til aðgreiningar var viðmælendum gefinn bókstafur, sem vísar til fyrsta stafs hvers staðar (t.d. einstaklingur á Ísafirði var aðgreindur með bókstafnum Í, einstaklingur á Höfn með H o.s.frv.) og númeri.

Í Mývatnssveit var rætt við 5 konur og 5 karla á aldrinum 32-65 ára. Fimm viðmælendur höfðu tengsl við ferðapjónustu; átta ferðapjónustufyrirtæki, störfuðu í ferðapjónustu eða átta maka/börn sem störfuðu í ferðapjónustu. Minnst fjórir viðmælendur skilgreindu sig sem landeigendur í Mývatnssveit. Að minnsta kosti einn viðmælandi hafði misst vinnuna í heimsfaraldrinum. Í töflu 1 má sjá númer viðtala (M=Mývatnssveit), kyn, uppruna viðmælenda og aldurshóp. Ekki er gerð frekari grein fyrir bakgrunni viðmælenda í rannsókninni þar sem þeir búa í fámennu samfélagi og kunna frekari upplýsingar um starfsstéttir, þjóðerni, félagastörf, lengd búsetu o.s.frv. að vera persónugreinanlegar.

Í skýrslunni eru beinar tilvitnanir í orð viðmælenda skáletraðar og merktar númeri viðtals. Í nokkrum tilfellum hefur þeim verið lítillega breytt til þess að forðast persónugreinanlegar upplýsingar.

Tafla 1 Yfirlit yfir viðmælendur í Mývatnssveit

Númer	Kyn	Aldurshópur	Uppruni
M1	Kona	45-59	Fædd og uppalin í Mývatnssveit
M2	Karl	60+	Fæddur og uppalinn í Mývatnssveit
M3	Karl	30-44	Fæddur og uppalinn í Mývatnssveit
M4	Karl	60+	Fæddur og uppalinn í Mývatnssveit
M5	Karl	30-44	Fæddur og uppalinn í Mývatnssveit
M6	Karl	30-44	Fæddur og uppalinn í Mývatnssveit
M7	Kona	45-59	Fædd og uppalin í Mývatnssveit
M8	Kona	30-44	Aðflutt, með erlendan bakgrunn
M9	Kona	60+	Aðflutt
M10	Kona	45-59	Fædd og uppalin í Mývatnssveit

Greining viðtalanna í þemu mótaðist af spurningarammanum en þau eru: 1) Staða ferðapjónustunnar fyrir COVID-19 út frá sjónarhóli íbúa, 2) Upplifun íbúa af ferðamönnum og ferðapjónustu í heimabyggð, 3) Framtíð og endurreisn ferðapjónustunnar að loknum heimsfaraldri. Einnig komu fram ný þemu sem voru sértæk fyrir Mývatnssveit og má þar nefna tilfærslu ferðapjónustu úr vertíð til undirstöðuáttvinnugreinar, uppbyggingu og viðhald áfangastaða og hugmyndir íbúa um stýringu og skipulag ferðapjónustunnar í framtíðinni í Mývatnssveit.

Spurningakönnun (símakönnun)

Í símakönnun voru spurningar lagðar fyrir íbúa á rannsóknarsvæðunum fjórum um áhrif COVID-19-faraldursins á viðhorf heimamanna, upplifun heimamanna af ferðamönnum og ferðapjónustu í heimsfaraldri og hugmyndir um endurreisn ferðapjónustu að honum loknum. Í spurningalistanum voru um 20 spurningar sem flestar hafa fyrirfram ákveðna svarmöguleika á kvarða sem svarendur tóku afstöðu til (sjá viðauka 1). Til viðbótar voru í listanum tvær opnar spurningar þar sem svarendum var boðið að koma athugasemdum á framfæri, annars vegar um ferðapjónustu í heimabyggðinni og hins vegar um áhrif COVID-19-faraldursins á samfélag svarenda. Í spurningalistanum voru eftirfarandi grunnbreytur skilgreindar: kyn, aldur, menntun, búsetulengd í pósthúmeri, staða á vinnumarkaði, starfar við ferðapjónustu og getur hugsað sér að starfa við ferðapjónustu. Spurningalistinn var þróaður í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu. Auk þess var við gerð spurningalistans óskað eftir efnislegum ábendingum frá Samtökum ferðapjónustunnar og kann skýrsluhöfundur þeim bestu þakkir fyrir.

Símakönnunin var gerð samtímis á öllum stöðunum á tímabilinu 9. – 27. febrúar 2021. Lagt var upp með að fá 400 svör á hverjum stað eða eins og hægt var að afla miðað við íbúafjölda. Tekið var úrtak úr þjóðskrá en í úrtakinu voru 2.337 einstaklingar og fengust alls 1.242 svör (svarhlutfall 53%). Í Mývatnssveit voru 197 manns í úrtakinu og var fjöldi svara 126 sem er 64% svarhlutfall. Sjá má úrtak og bakgrunn svarenda í töflu 2.

Við úrvinnslu gagna úr símakönnuninni var notast jafnt við gagnavinnsluforritið SPSS og Excel töflureikni. Gögnin voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Annars vegar var kannað hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum eftir búsetu (þ.e. milli rannsóknarsvæða) og hins vegar var kannað hvort munur væri á svörum mismunandi hópa innan hvers rannsóknarsvæðis. Kannað var hvort munur væri á svörum eftir kyni, aldri, menntun lengd búsetu, stöðu á vinnumarkaði¹ og hvort svarandi starfi við ferðapjónustu. Í viðauka 2 eru niðurstöður úr hverri spurningu könnunarinnar settar fram annars vegar í tíðnitöflum og hins vegar töflum sem sýna hlutföll svara þeirra hópa sem koma fram í töflu 2. Tölfræðileg marktækni er gefin til kynna með bláum stjörnutáknum við bakgrunnspættina á eftirfarandi hátt: Ein stjarna tákna að segja má með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu milli hópa sé einnig til staðar í þýðinu. Tvær stjörnur tákna að marktækur munur er til staðar miðað við 99% öryggismörk og þrjár stjörnur tákna að með 99,9% vissu er munurinn til staðar í þýðinu. Í samantektarskýrslunni eru niðurstöður ýmist settar fram á myndrænan hátt eða í töflum. Í einstaka tilfellum eru niðurstöður rannsóknarstaðanna fjögurra bornar saman.

Til viðbótar við ofangreinda tölfræðiútreikninga var samband nokkurra breyta á viðhorfi íbúa kannað með fylgnistuðlum og línulegri aðhvarfsgreiningu. Meðal þess sem var kannað var hvort samband væri milli mats íbúa á mikilvægi ferðapjónustu og ánægju íbúa með hana og tengsl nokkurra þátta við mat á áhrifum COVID-19 á tekjur einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Að lokum voru viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðapjónustu í heimabyggðinni eftir COVID-19 könnuð nánar með þátta- og aðhvarfsgreiningu á gögnum símakönnunarinnar á öllum rannsóknarstöðunum fjórum.

Tafla 2 Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar í Mývatnssveit

Mývatnssveit		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	197	
	Fjöldi svara	126	64%
Kyn	Karlar	61	48%
	Konur	65	52%
Aldur	18-29	15	12%
	30-44	33	26%
	45-59	31	25%
	60+	47	37%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	27	21%
	Stúdentspróf eða iðnnám	49	39%
	Annað starfsnám	11	9%
	Háskólapróf	39	31%
Lengd búsetu í Mývatnssveit	5 ár eða skemur	19	15%
	6-10 ár	12	10%
	11-20 ár	11	9%
	21-30 ár	22	17%
	Lengur en 30 ár	62	49%
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	63	50%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	31	25%
	Í námi	7	6%
	Á eftirlaunum	13	10%
	Annað	11	9%
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	48	38%
	Nei	78	62%

¹ Við greiningu á bakgrunnspættinum *Stöðu á vinnumarkaði* voru flokkarnir Sjálfstætt starfandi og Atvinnurekandi sameinaðir. Einnig voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir.

FRÁ SJÓNARHÓLI ÍBÚA: STAÐA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR FYRIR COVID-19-FARALDURINN

Frá vertíð í undirstöðuáttvinnugrein

Í viðtölum sem tekin voru við Mývetninga árið 2016 kom fram að ferðaþjónustan væri orðin stór atvinnuvegur í sveitinni. Heilsársstörfum hafði fjölgað og töldu viðmælendur að þau væru ekki færri en verið hafði í Kísiliðjunni sem hafði 40-50 starfsmenn áður en hún lokaði 2004. Uppbygging var í gangi, íbúum var að fjölga og ungt fólk með rætur í sveitinni var byrjað að flytja aftur heim. Á þessum tíma fjölgaði ferðamönnum einnig hratt. Þeir voru áberandi á svæðinu og mest á sumrin en ferðamannatímabilið var að lengjast. Íbúar bæði sáu og hittu ferðamenn oft en samskipti voru í lágmarki. Auknum fjölda ferðamanna fylgdi meira álag. Mest var álagið á sumrin en minna á öðrum árstímum. Árið 2016 voru 4 af hverjum 5 Mývetningum á því að ferðamenn væru of margir á sumrin en meirihluti Mývetninga taldi að ferðamenn væru hæfilega margir á öðrum árstímum.

Í viðtölunum núna kom fram að löng hefð væri fyrir ferðaþjónustu og gestrisni í Mývatnssveit en fáir hafi getað haft atvinnu af henni allt árið. Á árum áður, þegar samfélagið byggði afkomuna mest á landbúnaði og orku- og iðnaðarvinnslu, var ferðaþjónustan aðallega annasöm og líflæg sumarvertíð. Sveitin fylltist af ferðamönnum og ungu fólki sem kom til að þjónusta þá. Mikil stemming var á sumrin en á veturna lagðist ferðaþjónustan í dvala þegar fólk fór. Stígandin í ferðaþjónustunni á svæðinu þótti viðráðanleg en skilin milli árstíða voru skörp.

Það hefur verið mjög mikil menning yfir sumarið hjá skólakrökkum alls staðar að af landinu að koma að vinna í Mývatnssveit. Það hefur skapað rosalega skemmtilega menningu og ég tala nú ekki um félagslíf í sveitinni á kvöld og nætur. [...] Það skapað alltaf mikil stemming hér yfir sumarið. (M1)

Áður en ég fór í burtu í skóla þá voru engin heilsársstörf í ferðaþjónustu. Það voru bara örfá stöðugildi sem voru heilsársstörf og örfáir sem gátu gert það að lifibrauði allt árið. Svo kom hellingur af unglíngum um sumarið að vinna á hótelum. Mikið djammað og mikið gaman en svo á veturna þá dó þetta alveg. (M5)

Þegar Kísiliðjan lokaði eftir tæplega 40 ára starfsemi breyttist atvinnuástandið og fólk fækkaði á svæðinu. Fá ný störf voru í boði og endurnýjun íbúa á svæðinu var hæð. Í kringum 2010 urðu vatnaskil í ferðaþjónustunni á landvísu sem Mývetningar fóru ekki varhluta af. Ferðamönnum tók að fjölga á áður óþekktum hraða, „sumarvertíðin“ tók að lengjast í báða enda og atvinnuástandið í sveitinni breyttist á ný. Smám saman fóru fleiri íbúar að byggja upp ferðaþjónustu og fjölbreytnin í atvinnulífi sveitarinnar jókst.

Það vantaði hérna á tímabili mína kynslóð, fyrir svona 10 árum. En það var fyrir það að Kísiliðjan var búin að loka og það gerðist mjög lítið í svona 10-15 ár. [...] Það voru einmitt þessir dauðu mánuðir ennþá. Ferðaþjónustan var ofboðslega fin með á sínum tíma. Svo verður hún þessi aðaláttvinnugrein og þá auðvitað vilja menn vinnu allt árið. (M6)

Með þessum auknu umsvifum í ferðaþjónustu þá skapað fleiri heilsársstörf, tækifæri fyrir ungt fólk. Það er algengur misskilningur að ferðaþjónusta sé bara einhver láglauastörf, það er fullt af finum störfum hérna. Mín kynslóð, fólk sem er fætt á bilinu 1980-90, er langstærst hérna í samfélaginu sem er dálítið óvanalegt í landsbyggðasamfélagi. Það byggði á því mikið til að það var dálítið erfitt ástandið eftir Hrun, fólk fór í skóla, kom svo bara tilbaka af því að það var atvinna í tengslum við ferðaþjónustu og reyndar orkuvinnslu, ríkisstörf og fleira í leiðinni. (M3)

Fyrir en varði var ferðaþjónustan orðin að heilsársatvinnugrein en rekstraraðilar í ferðaþjónustu töluðu þó um að áfram hefðu verið skil milli árstíða og voru opnanir/lokanir sumra fyrirtækja í takti við þau skil.

Árstíðasveiflan í ferðaþjónustunni er gríðarleg og gengur í þessum takti eins og allir þekkja. Mjög mikið að gera júní, júlí, ágúst. Ágætt september-maí. Október var orðinn nokkuð góður. Þetta var að teygjast inn í ágæta vetrarvertíð febrúar, mars. En nóvember, desember, apríl, janúar, ónýtir mánuðir. (M3)

Ferðaþjónustan festist í sessi sem undirstöðuáttvinnugrein á svæðinu ásamt landbúnaði og orkuvinnslu. Heilsársstörf í ferðaþjónustu, sem viðmælendur rannsóknar árið 2016 töldu vera ekki færri en 40-50, voru að mati viðmælenda þessarar rannsóknar orðin margfalt fleiri.

Þú sérð að hérna í Mývatnssveit, það eru 4-5 gistihús af stærðargráðunni 50 starfsmenn í 500 manna byggðarlagi. Svo eru afþreyingarfyrirtæki og smærri einingar af einu og öðru tagi, [Jarð]böðin og þetta. Ég giska á að hér séu 5-600 störf í þessu. Ef ég miða við fullan rekstur allt árið þá eru þetta kannski 3-400 ársstörf. Það segir okkur bara það að það er talsvert af fólki sem á ekkert heima hérna sem vinnur hérna og allir útlendingarnir sem koma og vinna. (M4)

Samfélagið hefur ekki bara vaxið með störfum í ferðaþjónustu heldur hafa einnig orðið til ýmis önnur störf s.s. í þjónustu og iðnaði og hjá hinu opinbera. Staðan í ferðaþjónustunni varð til þess að samfélagið þandist út og íbúum fór að fjölga. Í rannsókninni árið 2016 kom fram að þrír af hverjum fjórum Mývetningum fannst ferðaþjónustan hafa jákvæð áhrif á búsetuskilyrði á svæðinu en nær allir (97%) voru á því að auknum umsvifum ferðaþjónustunnar fylgdi skortur á íbúðarhúsnæði á svæðinu. Viðmælendur þessarar rannsóknar staðfestu að byggja þurfti meira fyrir samfélag í vexti.

Við höfum verið í spreng með íbúðarhúsnæði í áratug en verið talsvert að byggja og það fyllist allt jafnóðum. (M3)

Það var mikil aukning af ungu fjölskyldufólki að flytja hingað og það var rokið í að stækka leikskólann fyrir fleiri, fleiri milljónir. (M1)

Það er búið að byggja hérna á síðustu 5 árum upp undir 20 íbúðir. (M4)

Allir viðmælendur töluðu um að ungt fólk og útlendingar hefðu komið í sveitina til búsetu í lengri eða skemmri tíma.

Ég er einn af þessu unga fólki sem kom aftur. (M5)

Það hefur komið alveg fullt af ungu fólki heim. (M7)

Það eru kannski 400 manns á íbúaskrá sveitarfélagsins en það eru kannski 6-700 manns í sveitinni sem eru að starfa hérna og sofa hérna. Stór hluti af þessum hóp er breytilegur frá mánuði til mánaðar og frá ári til árs. En í mínum huga eru þetta samt íbúar í sveitinni í einhverjum skilningi. (M2)

Nokkrir viðmælendur töluðu um að upp undir fjórðungur íbúa í Mývatnssveit hefði verið erlent starfsfólk í ferðaþjónustu. Sumir höfðu verið á svæðinu til skemmri tíma, aðrir höfðu sest að. Bent var á að hluti þessa hóps hefði ekki aðlagast samfélaginu og hafi í vissum skilningi verið nokkuð ósýnilegur.

Það sem er vert að halda til haga í sambandi við ferðaþjónustu sem verður svona fjölmenn af starfsfólki hér í Mývatnssveit er að þetta er hreyfanlegt vinnuafli að stórum hluta. Það kemur og starfar hér og gerir ósköp litlar kröfur um samfélagsþjónustu. Eðlilega. [...] Við skoðum þá er þetta mjög passifur hópur. Við verðum ekkert svo endilega mikið vör við það hvort það kemur eða fer, þetta ágæta fólk. (M2)

Það er fullt af fólki hérna sem eru erlendir starfsmenn sem koma hérna[...]. En þeir blandast ekki, þeir taka ekki þátt. Það er auðvitað svolítið sorglegt. [...] Það er bara einstaka sem tekur einhvern þátt í samfélaginu [...] sem þeir ættu að gera ef þeir ætluðu að kynna fólkinu í sveitinni. (M7)

Það er orðið fjölþjóðasamfélag mun meira og margir eru að taka virkan þátt í samfélaginu en líka margir sem maður sér aldrei. (M5)

Viðmælendum þótti augljóst að þessi mikli fjöldi starfa sem varð til í ferðaþjónustunni hefði aldrei verið mannaður eingöngu með íbúum. Algjör eining var um að greinin í Mývatnssveit hefði aldrei náð að vaxa og dafna hefði erlent vinnuafli ekki komið til.

Áskoranir og aðlögun

Tilfærsla úr vertiðarvinnu í heilsársatvinnugrein voru ekki einu breytingarnar sem viðmælendur höfðu fundið fyrir á vaxtarskeiði ferðaþjónustunnar. Margir töluðu um að samsetning ferðamanna á svæðinu hefði breyst. Erlendir ferðamenn urðu „í algjörum meirihluta“ (M2) og bílaumferð jókst. Þó svo að mjög margir hefðu stoppað dag- eða næturlangt höfðu mun fleiri en áður aðeins átt skamma viðdvöl í sveitinni.

Það er orðið lítið um þennan eiginlega bakpokaferðamann sem var alltaf. Þetta er allt orðið í bílaleigubílum og í rauninni líka má segja mikil fækkun á hópaferðum. Það er enginn lengur hér með staðsettan eldhúsbíl eins og var eða eitthvað slíkt. Og tjaldhópar, það eru orðin rosalega fá dæmi um það hér í dag. (M1)

Það sem hefur breyst gegnum árin er að fólk stoppar miklu minna. Það er kannski hið stóra umhugsunarefni að fólk er að afgreiða Mývatnssveit kannski bara með því að hlaupa einn hring í Dimmuborgum og kannski stoppa við Hveri og svo eru þeir bara farnir. (M4)

Ný tækifæri sköpuðust til að auka þjónustu yfir árið fyrir nýja/annars konar ferðamenn en á sama tíma fylgdu auknum fjölda líka ýmsir erfiðleikar. Sumir íbúar höfðu ekki lengur sama friðinn til að slaka á og áður yfir veturinn þegar ferðamennskan lagðist að mestu í dvala. Talað var um að sumir íbúar í Mývatnssveit hefðu farið að finna til meiri gremju.

Ef þú nærð að gera þetta að ársatvinnu þá nærðu allt öðruvísi fólki og ryþma í þjónustu og öllu því. (M5)

Þegar ég var krakki þá var þetta bara svona sumarvertíð og menn fengu frið á veturna. En núna seinni árin hefur verið meira vetrarmennska og fólk á veturna, bara líka að fara á milli. [...] Maður finnur aðeins meiri þreytu gagnvart því. (M6)

Það er bara með aukningu á túrista að þirringurinn fer að aukast. Það var alveg þannig í gamla daga. Ég man það mjög vel [...] Í byrjun september var bara nánast enginn hérna. Fólk var bara svona: „Ah, þetta er gott“. Þannig var bara andrúmsloftið í sveitinni. En svo fer þetta að verða atvinnugrein og bara hleður utan á sig. (M10)

Árið 2016 voru 60% Mývetninga á því ferðamenn hafi valdið meira ónæði í daglega lífinu en áður. Þremur árum síðar, árið 2019, sögðust aðeins 6% Norðlendinga verða fyrir ónæði í daglega lífinu. Í sömu könnun kom fram að 14% íbúa á Norðurlandi töldu heimabyggðina ekki geta tekið við fleiri ferðamönnum og hafði það lækkað marktækt úr 23% frá árinu 2017. Árið 2016 sögðu 70% Mývetninga að heimabyggðin gæti ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður. Þessi mikli hlutfallsmunur í báðum þessum atriðum bendir til þess að ónæði og álag sé talsvert meira í Mývatnssveit en annars staðar á Norðurlandi.

Í viðtölum sem voru tekin 2016 komu fram áhyggjur íbúa af vaxandi álagi á innviði og almannaþjónustu ásamt aukinni umferð. Sumir viðmælendur þessarar rannsóknar komu inn á að þessir álagspunktur væru enn til staðar þar sem fleiri notendur væru af verslun og ýmiss konar þjónustu. Bent var á að upplifun af álagi væri einstaklingsbundin og voru dæmi um viðmælendur sem sögðu álagið hafa verið talsvert meira á árum áður.

Þú getur ekki snúið þér við án þess að það sé túristi í bakinu á þér. [...] Þeir eru alls staðar. Þú ferð út að ganga og þeir eru þar og þú ferð í búðina og þeir eru þar og þú ferð í Jarðböðin og þeir eru þar. (M10)

Það er vandamál þegar það eru of margir á sama tíma. [...] Eins og í lóninu [Jarðböðunum] þegar það eru of margir þar. Innviðirnir, þar á meðal verslunin og lónið, taka ekki við svona mörgum í einu. Maður verður pirraður [...] á veitingastöðum eða bara á fönnum vegi. Svo kemur rúta, svo önnur rúta og enn önnur. Það verður bara troðfullt. (M8)

Þessi blessaða búð og umferð. Þetta er gjörsamlega óþolandi, sorri, ég ætla að segja það bara. Það eru ekki innviðir til að taka á móti allri þessari umferð. Það eru engin stæði og fólk stoppar þegar það sér eitthvað. En það er ekkert komið til móts við það og búa til stæði. Það vantar eitthvað. Það er ekki tilbúið að taka á móti öllum þessum bílafjölda. (M5)

Þetta er auðvitað einstaklingsbundið og ég hef heyrt og þú hefur heyrt af fólki sem bolver túrismanum í sand og ösku og sér ekkert í þessu nema átroðning. [...] Áður en ferðaþjónustan fór að þróast yfir í núverandi mynd þá voru ferðamenn ágengir. Þeir voru miklu ágengari heldur en þeir eru núna. Þeir sóttu í að tjalda út um allt og rusla út um allt og bara fóru einhvern veginn á allt og yfir allt. En þetta hefur breyst. [...] Mér finnst ég ekki verða fyrir neinum átroðningi af ferðamönnum. Ég kalla það ekki átroðning þó að aðrir séu á veginum, þó að aðrir séu að keyra. (M2)

Í viðtölum við Mývetninga árið 2016 kom fram að matvörubúðin á svæðinu réði ekki við álagið. Í viðtölunum núna kom fram skilningur á því að rekstur matvöruverslunar í sveitinni væri háður viðskiptum ferðamanna enda væri samfélag heimamanna ekki stórt þrátt fyrir áður nefnda íbúafjölgun. Talað var um að frá því að viðtölin fóru fram 2016 hefði vöruúrval og -verð batnað en á fjölmönnum sumardögum hefðu langar bíðraðir ennþá verið vandamál. Verslunarhúsnæðið skorti sveigjanleika til að gera ráð fyrir miklum fjölda viðskiptavina á sumrin og fáum þess fyrir utan.

Maður er til dæmis að versla í einu búðinni sem er hérna. Vörunar hverfa og líka bara að það eru svo margir. Það er bara kraðak í búðinni. (M7)

Það er ekki svo langt síðan þeir breyttu búðinni úr Strax í Kjörbúð sem var til bóta og þar með að þá held ég að verslun hafi aukist mjög af heimamönnum við það. Margir versluðu alla sína verslun í búðinni. (M9)

Þegar búðin var byggð á sínum tíma þá var einmitt þetta, erum við að byggja þetta upp fyrir búð sem á að vera á sumrin eða veturna? (M6)

Maður hagar sér öðruvísi úti á vegi og úti í búð þegar það er mikið um ferðamenn. Þetta kemur fram með margvíslegum hætti þegar það er fleira fólk á svæðinu. (M2)

Talað var um að ýmsar aðstæður hefðu komið upp sem íbúar hefðu með tímanum lært á.

Hvort sem það heitir búðin, lónið eða hvað það er þá lærði maður það mjög fljótt: Að fara bara seint í lónið, þá eru túristarnir búnir og eru komnir í ró. Þessu tengt, það er að lesa í veðrið. Ef það er rigning þá eru túristarnir snemma á ferðinni. Ef það er sólskin og blíða þá eru þeir seinir. Þá þarftu kannski að lesa hvenær á að fara í búðina. (M6)

Eitt sem er svolítið sköndin breyting er að erlendu ferðamennirnir eru komnir af stað svona upp úr hálfsex á morgnana og upp úr átta á kvöldin þá slokknar á öllu. Ég var gjarnan að keyra heyrin mín þegar umferðin var lítil og þá þurfti maður að fara ansi snemma á morgnana til að vera komin heim með hlössin áður en útlendingarnir fóru á stjá. Íslendingarnir sjást ekki fyrir klukkan 11 á morgnana. Þeir eru á ferðinni alveg fram á nótt. (M2)

Margir viðmælendur töluðu um að aukinni umferð hefði fylgt aukin hætta á vegum allan ársins hring. Í viðtölum árið 2016 kom fram að útskot vantaði við veginn kringum vatnið þar sem ferðamenn stoppuðu úti í kanti til að taka myndir. Þessar hættur hafa verið þekktar um nokkurt skeið og voru greinilega enn til staðar.

Þessi útskot sko. Þetta er aðallega bara að fólk stoppar úti í kanti. Svo keyrir það en er að horfa í kringum sig. (M5)

Eins og til dæmis með umferðina þá var maður alltaf að hafa gát hjá sér sérstaklega vegna þess að þessir útlendingar eru svo uppteknir að horfa bara í kringum sig og þeir stoppa bara þar sem þeir eru komnir, leggja ekkert út í kant. Þannig að ef það er bíll á undan þér þá þarftu að vera viðbúin að hann negli niður og stoppi. Maður hefur þurft að vera miklu meira vakandi fyrir ýmsu svona. (M7)

Þegar maður er að ferðast á veturna í snjó þá var maður ekki hræddur um að maður kæmist ekki sjálfs síns vegna á milli staða. Það voru hinir sem voru stopp einhvers staðar og maður gat keyrt á. Eða einhver kom út úr kófinu og hafði ekki hugmynd um hvar hann var staddur á veginum. Þetta er mjög breytt og bara á fjórum, fimm árum. Það er skelfilega hættulegt og óþolandi. [...] Ég var með barn í æfingaakstri og var meira


að kenna því að fylgjast alltaf með og vera meðvitað um hvoru megin er betra að fara út af veginum. Sérstaklega yfir veturinn því að það er svo ótrúlegt háttalag hjá fólki bara að stoppa. (M1)

Í skýrslu Vegagerðarinnar um áhugaverða staði á Hringveginum frá árinu 2017 kemur fram að viðvarandi hætta sé á óhöppum á kaflanum milli vegamóta Hringveggar/Mývatnssveitarveggar og Námaskarðs þar sem „bílum er sífellt snögghemlað vegna einhvers í umhverfinu sem fangar athygli gesta þess“ (Sóley Jónasdóttir, 2017:78). Viðmælendur töluðu um að þessar hættur væru enn til staðar og að íbúar væru orðnir mjög varir um sig á vegum úti.

Mikilvægi ferðaþjónustu og ánægja íbúa

Norðlendingar hafa haft mikla trú á efnahagslegu og samfélagslegu mikilvægi ferðaþjónustu fyrir landsfjórðunginn eins og fyrri kannanir á viðhorfum heimamanna frá árunum 2017 og 2019 hafa sýnt. Árið 2019 sögðu rúmlega 90% Norðlendinga að ferðaþjónustan væri efnahagslega mikilvæg fyrir heimabyggðina. Hlutfall Norðlendinga sem taldi ferðaþjónustu vera mikilvæga undirstöðu fyrir íslenskt efnahagslíf var einnig hátt. Meirihluti Norðlendinga var á því að margir nyttu efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustunni í heimabyggðinni en um fjórðungur Norðlendinga taldi að fáir nyttu ávinningsins.

Árið 2019 sögðust 89% Norðlendinga vera ánægðir með ferðaþjónustu í sínu samfélagi sem var hærra en á landsvísu þar sem hlutfallið var 85%. Í viðtölum við Mývetninga árið 2016 kom fram að ferðaþjónusta væri afar mikilvæg fyrir íbúa á svæðinu. Talað var um að auknum ferðamannastraumi fylgdi meiri atvinna og meira líf.



Mynd 1 Mælikvarðar fyrir ánægju íbúa með ferðapjónustu og mat þeirra á mikilvægi hennar

Í símakönnuninni 2021 var mikilvægi ferðapjónustu undirstrikað en 99% svarenda í Mývatnssveit sögðu ferðapjónustuna vera mikilvæga fyrir samfélagið. Jafnframt var meirihluti íbúa ánægður með ferðapjónustuna eins og sjá má á mynd 1. Enginn marktækur munur var á svörum mismunandi hópa í Mývatnssveit. Munur var milli rannsóknarsvæðanna á því hvernig íbúar mátu mikilvægi ferðapjónustu og ánægju íbúa með hana og var sá munur marktækur (mynd 2). Á öllum svæðunum var jákvætt samband milli mats á mikilvægi og ánægju en sterkast var sambandið í Mývatnssveit og á Höfn.

Viðmælendur í Mývatnssveit voru á einu máli um mikilvægi ferðapjónustunnar.

Í Mývatnssveit er þetta mjög stór atvinnuvegur. (M7)

Hún [ferðapjónustan] þýðir bara allt. En það eru ekkert mjög mörg ár síðan Mývetningar viðurkenndu það. (M4)

Mikilvæg? Já, mikil ósköp [...] þetta er orðinn almennur atvinnuvegur. (M2)


Ferðapjónustan er ástæðan fyrir því að fólk býr hérna og flytur hingað. (M8)

Í viðtölunum kom líka fram ánægja með margt sem fylgdi ferðapjónustunni. Talað var um að almennt væru ferðamenn gott og kurteist fólk sem væri að njóta

náttúrunnar þótt misjafn sauður væri í mörgu fé. Sumum viðmælendum þótti gott að vita af öðru fólki í kringum sig þó að einnig væri gott að geta fengið frið.

Mér líður vel í túrismanum. [...] Ég kann vel við að hafa margt fólk í sjónmáli. Ég kann vel við mig á vegi sem er með fullt af bílum. Ég sæki ekki eftir því að búa í þéttbýli en ég vil sjá til mannaferða. Ég vil hafa líf í kringum mig. Þetta er kannski eins og ef þú ert á sjó þá viltu sjá til skipaferða en þú vilt ekkert endilega fá þau í trollið hjá þér. (M2)

Mér finnst afskaplega gaman að taka á móti gestum hvort sem það er í allri sveitinni eða landinu mínu hérna. En ég er ofboðslega heppin að því leytinu að það eru [X] kílómetrar upp á þjóðveg [hlær]. Þannig að þegar degi er lokið þá get ég bara farið og lokað mig af. (M1)



Mynd 2 Mat íbúa á ánægju með ferðapjónustu og mikilvægi hennar fyrir samfélagið. Samanburður á meðaltölum svara á stöðunum fjórum (1=mjög lítið vægi; 5=mjög mikið vægi)

Í viðtölunum kom skýrt fram að þó svo að almennt væru íbúar ánægðir með ferðaþjónustuna væri margt sem henni tengdist sem þeir voru ekki ánægðir með og þarfnast betri úrlausnar. Stærstu vandamálin sem viðmælendur nefndu tengdust fjölda og umferð, sem lýst var hér að ofan, auk uppbyggingar og viðhaldi áfangastaða sem betur er vikið að síðar.

Farþegar skemmtiferðaskipa

Í viðtölum við Mývetninga árið 2016 kom fram að fjöldi farþega af skemmtiferðaskipum sem leggja að bryggju á Akureyri komi í dagsferðir til Mývatnssveitar. Talið er að ferð til Mývatnssveitar hafi verið ein vinsælasta skipulagða ferðin frá Akureyri sem fól í sér rútuferð með leiðsögn og mat á svæðinu (Edward H. Huijbens og Kristinn Berg Gunnarsson, 2014). Í viðtölum við Mývetninga árið 2016 kom fram álit íbúa um að þessir farþegar skoði náttúruperlurnar en skili litlum tekjum til svæðisins.

Viðtöl þessarar rannsóknar gáfu til kynna að viðhorf í íbúa til þessarar ferðamennsku hefðu versnað. Sumir höfðu velt því fyrir sér hvað væri spennandi við þessar ferðir þar sem fjöldi fólks og rútuþjónusta væri mikill, tíminn sem gefinn væri til að stoppa á hverjum stað væri of stuttur til að upplifa það sem íbúarnir vildu að þeir hefðu upplifað.

En eins og þetta var [...] þá komu túristar af skemmtiferðaskipum og höfðu einhverja x marga klukkutíma til að skoða allt sem þurfti að skoða. Komu í 17 rútum eða eitthvað, hentust inn á einhvern matsölustað, fengu kaldan mat og þurftu að vera búnir að borða komnir út og búið að leggja á borð fyrir næsta hóp innan 40 mínútna. [...] Ég held að það sé ekki neinum til hags að hafa þessi skemmtiferðaskip, því miður. Það má ekki kosta neitt að þjónusta þau og þau hafa engan tíma til að fá þjónustu. (M5)

Það er lagt við bryggju á Akureyri og svo bara mokað upp úr skipinu og út í rúturnar og keyrt. Þau eru 5 tíma í ferðinni, það er stoppað á 4 stöðum og það eru 10 mínútur á stað eða 20 eða eitthvað. Mér finnst þetta ógeðslegt. (M10)

Það er svona massatúrismi sem er verið að keyra 20 rútur með 50 manns í rútu eða eitthvað. Þetta er ógeðslegt. Fyrir utan hvað mér finnst

hræðilegt að horfa upp á þetta aumingja fólk sem er rekið inn og út úr þessari rútu endalaust. (M6)

Þau fara inn á hótél og gleypa í sig mat á korteri því þetta er náttúrulega allt í tímaþröng. Ætli það séu ekki þrjú hótél hérna sem eru að þjónusta þau í mat eða kaffi og það er náttúrulega bara færíbandavinna. Ég held að þetta skilji ekki eftir það mikið að það skipti einhverju höfuðmáli miðað við mannskapinn sem þú þarft að hafa í þessu. (M1)

Talið var að tekjur rekstraraðila í Mývatnssveit væru litlar og álagið of mikið. Nokkrir viðmælendur töluðu um að reynt hefði verið að fá Akureyrarhöfn og rútuþjónustu á Akureyri til samtals um úrbætur til að draga úr álagi en það hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Gagnrýndu þeir höfnina og rútuþjónustuna fyrir ábyrgðarleysi gagnvart íbúum og umhverfi Mývatnssveitar. Sumum þótti óskiljanlegt hvers vegna væri verið að fá þessa hópa til landsins án þess að þeir sem það geri taki þátt í uppbyggingu á svæðum, eins og Mývatnssveit, sem verði að taka á móti fjöldanum hvort sem íbúunum líki það betur eða verr.

Það er þínu hroki en hvað hafa Akureyringar annað að selja en Þingeyjasýslurnar? Þeir keyra alltaf skemmtiferðaskipin inn í Þingeyjasýslur. Svo mokað Akureyrarhöfn inn skemmtiferðaskipunum og [Rútuþjónusta X] en svo eigum við að taka við öllum skitnum. Þó við séum að selja að vissu leyti mat og eitthvað en samt, of mikill skítur á móti því sem kemur inn. (M6)

Þetta er galinn business. Þeir sem eru í skemmtiferðaskipamóttökunni segja að þetta sé svo mikið magn. Og það er það fyrir þá, það er það bara ekki fyrir okkur. Þegar þú ert farinn að taka meira magn en þú ræður við þá er það bara farið að virka neikvætt. [...] Auðvitað mega allir koma en þau verða líka að borga sín gjöld inn í íslenskt samfélag eins og aðrir. Það er ekkert nóg að hafnarsjóðirnir hafi tekjur. Þar liggur hundurinn grafinn. Hafnarsjóðirnir í Reykjavík, Akureyri og víðar eru farnir að hafa verulegar tekjur sem skipta þá ofboðslega miklu máli en ekkert af því fer í staðina sem fólkið er að koma til að heimsækja. (M4)

Mín skoðun er sú að þeir [ferðamennirnir] flæða inn á Akureyri, hrúgast upp í rútur sem græða á þeim. Það er búið að gera göngustíga þannig að jú, við náum að taka á móti þeim. Það er ekki nógu mikið af salernum fyrir þau og margt af þeim vill ekki borga fyrir salerni, sem var óþolandi, því þetta var ekkert smá fjöldi sem flæðir hér út um allt. [...] Þessum fjölda er bara ofaukið hérna. Þeir sem eru að græða á þessu með rúturnar. (M1)

Ég veit að skemmtiferðaskipin koma til Akureyrar og það eru rútuþyrtingar sem keyra þaðan. Þau koma á ákveðna áningarstaði sem þau taka ekki þátt í uppbyggingu á. En höfnin á Akureyri fær gríðarlega peninga í hafnargjöld. Það hefur verið sótt til [hafnaryfirvalda] að styrkja uppbyggingu og þau hafa ekki veitt krónu og ekki [Rútuþyrtingar X]. Þetta er eitt af því að ferðamaðurinn sé ekki að skilja neitt eftir þar. Ég heyrði einhvers staðar að [Rútuþyrtingar X]. færi ekki með minna en 800 manns á dag í Mývatnssveit. Fjandinn hafi það, ef 800 manns sem eru í skipi sem borgar hellings hafnargjöld og ferðast í rútu með guide - og það eru engin stór rútuþyrtingar í Mývatnssveit - það er ekkert að koma inn í sveitina. (M5)

Viðmælendum fannst vera ójafnvægi milli hagsmuna hafnanna og áfangastaða farþeganna í landi. Bent var á að erfitt væri að hefja umræðu um um þessa hluti þar sem í augum íbúa virtist það „ekkert gera til að fólk traðki út einhverja hverfi ef þeir fá bara nóg í hafnarsjóðinn“ (M4). Óánægjan var augljós og greinilegt að upplifun íbúa af þessum þætti ferðamennskunnar í Mývatnssveit var óþægilegri en í tengslum við aðra þætti hennar.

Stjórnun og stýring

Náttúran og lífríkið við Mývatn var að allra mati öflugasta aðdráttarafi svæðisins og voru allir viðmælendur sammála um að það yrði að vernda. Að mati Mývetninga hafa neikvæðustu hliðar ferðabjónustunnar tengst umferð, umgengni og álagi á náttúru svæðisins eins og fram hefur komið. Neikvæðustu hliðarnar hafa m.a. birst sem athugasemdir um skort á úrbótum innviða sem anni ekki umferð ferðamanna. Í viðtölum við Mývetninga árið 2016 kom fram að ástand innviða ferðabjónustu, vanhirða þeirra og skortur á uppbyggingu olli íbúum áhyggjum. Töldu íbúar þá að ástand vegakerfis, bílastæðamála, almenningsalarna, skilta og merkinga væri slæmt.

Í viðtölum þessarar rannsóknar var talað um að ástandið hefði batnað s.s. með lagningu stíga og uppbyggingu bílastæða á vissum stöðum. Skýrasta dæmið sem viðmælendur nefndu sem vel heppnaða framkvæmd og voru ánægðir með var uppbygging og malbikun stíga í Dimmuborgum. Með bættu aðgengi sem varð til með stígunum urðu Dimmuborgir ekki aðeins aðgengilegri fjölbreyttari ferðamönnum heldur skapaðist einnig möguleiki til að taka á móti mikilli umferð

án þess að umhverfið yrði fyrir neikvæðum áhrifum. Upplifunin af svæðinu breyttist einnig.

Það er búið að vera mikil uppbygging í Dimmuborgum. Stígagerðin þar. Þetta er orðið allt, allt annað. (M7)

Það er búið að redda málinu í Dimmuborgum með malbikuninni þar þannig að þetta getur komið þangað án þess að skaða það sem slíkt. (M4)

Svo er annað sem gleymist oft í umræðunni, það er upplifunin. Það er þögnin við malbikið. Það heyrir ekki skjáfið í stígunum. Það geta verið mörg hundruð manns í Dimmuborgum og þú hittir engan, aldrei þessi klíður. (M6)

Sumir viðmælendur voru á því að skipulag á ferðamannastraumi og áfangastöðum væri skammt á veg komið. Í Mývatnssveit væru mjög fjölsóttir staðir sem viðmælendur töldu að væru undir verulegu álagi.

Til dæmis á stöðum eins og Dimmuborgum, Hverum, Höfða, Skútustaðagígum, þessum stoppistöðum massatúrismans. Skemmtiferðaskipin sem að koma svo hingað í 30 rútum og allir eru bara á hlaupum. Þetta eyðileggur upplifun allra sem eru á svæðinu á sama tíma. Innviðirnir þola þetta ekki. (M3)

Álagið var einnig utan fjölmennustu staðanna. Nokkrir viðmælendur höfðu margsinnis þurft að skipta sér af ferðum fólks um sveitina. Eining var um að almannaréttinn beri að virða. Það sé þó verulegur munur á þegar um einstaka ferðamann er að ræða, sem eigi ekki að skilja neitt eftir sig, eða ítrekaðar upptökum og umferðarstreymi, sem hafi meira umhverfisrask í för með sér. Fram kom að ferðamaður sem stoppar á tilteknum stað sé hvorki að velja því fyrir sér hver eigi landið né átti sig á því að landsvæði eða sumar af náttúruperlum Mývatnssveitar eru að öllu eða einhverju leyti eignarland. Sveitarfélagið ætti lítið af landi og af þeim sökum hafi sveitarfélagið lítið getað gert. Höfði er eini staðurinn sem er í eigu sveitarfélagsins (Skútustaðahreppur, 2017).

Ég hef ekkert á móti því að fólk komi á mitt land og ég skil það alveg að það vilji koma. En mér gremst hvernig menn leyfa sér að haga sér. (M10)

Mývatnssveit er öll í einkaeigu. Sveitarfélagið á ekkert land. Þess vegna verður þessi núningur. Fólk er að fara alls konar slóða og vegi sem það á ekkert með að fara vegna þess að þetta eru einhverjir bænda-slóðar. (M9)

Þessi hegðun í ferðamenskunni og hvernig menn lita á það að ef maður fer út á land þá megi maður vera hvar sem er og hvenær sem er. [...] Þú þarft alltaf leyfi landeigandans. Fer ég og tjalda í garðinum þínum og myndi skíta í runnann þarna vinstra megin? Ef þú ættir landið værir þú þá sáttur við þetta? [...] Það er kannski allt í lagi ef það kemur bara einn. En ef það eru 5 bílar á hverjum degi [...] þá er þetta svolítið þreytt. (M6)

Margir bentu á að landeigendur hafi oft verið í erfiðri stöðu. Sumir staðir hafa orðið að ferðamannastað án þess að landeigendur hafi haft einhverju um það ráðið. Almennaréttur um frjálsa för einstaklinga um landið er skýr í náttúruverndarlögum (nr. 60/2013) en jafnframt er þar skýrt að hópferðir í atvinnuskyni séu ekki heimilar án samráðs við landeiganda eða réttihafa (sbr. 24. gr.).

Ég á hlut í náttúruverlu og ég ræð bara engu um það hvort einhver fer þangað eða ekki. (M10)

Þú getur ekkert bannað fólki för um land, gangandi eða ríðandi þínum hesti eða eitthvað svoleiðis. En svo getum við mætt með 50 manna rútu eða heilt skemmtiferðaskip í land annarra og selt inn á landið og stógrætt á því án þess að landeigandinn hafi í rauninn nokkuð um það að segja nema hann á að borga kostnað af því að byggja upp göngustíga. Þetta kerfi er galið. (M6)

Það sem er gert hérna verður kannski oft á tíðum landeigandi að gera. Það eru ekkert allir landeigendur tilbúnir til þess. [...] Það hefur verið ágangur eins og við [Stað X] sem við höfum þurft að bregðast við sjálf vegna þess að það er ekkert annað batterí sem bregst við því. Þarna er áfangastaður eða staður sem er mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn og það náttúrulega fylgir því alls konar sóðaskapur. (M9)

Það eru sterkir straumar sem hafa mikla hagsmuni af því að þetta sé ekkert under control. Þeir hafa bara hagsmuni af því að flytja fólkið og svo einhvern veginn er það sjálfsagður réttur Íslendinga – og kemur líka inn á umræðuna um hálendisþjóðgarðinn líka – það er einhvern veginn inni í merg á okkur að við eigum bara að geta gert það sem okkur sýnist óháð öllu öðru. (M3)

Erfitt hafi verið fyrir landeigendur þegar fyrirtæki í ferðaþjónustu aflu tekna af för ferðamanna um þeirra land. Í þessu samhengi var ekki bara talað um tilteknar áfangastaði heldur einnig um farþega af skemmtiferðaskipum í skipulögðum

rútuferðum og um bílaleigur sem leigðu svokallaða svefnbíla sem sáust hér og þar í sveitinni og ami var af.

Á sama tíma hafi landeigendur verið krafðir um viðunandi innviði á staðnum. Sumir viðmælendur voru á því að sveitarfélagið lengst af hafi lítið getað aðhafst til að laga ástand sumra svæða, stundum hafi landeigendur reynt að bregðast sjálfir við þó svo að það ekki alltaf dugað til. Vilji íbúanna um skipulag var skýr en innviðauppbygging krefðist mikils fjármagns sem einstaka landeigandi hafi ekki bolmagn til að standa undir. Til viðbótar stóð eftir spurningin um hver hagar landeigandans væri af því að byggja upp áfangastað fyrir ferðamenn án þess hann fái eitthvað fyrir sinn snúð. Það gat verið flókið að sjá hver ætti að taka af skarið og með hvaða hætti.

Okkur langar til að gera eitthvað á þessu svæði. En það kostar peninga. (M9)

Til þess að þetta sé ekki ógeðslegt þá þurfum við að fara að gera þetta sjálf, að tína ruslið og koma hlutunum í lag. En við höfum engar tekjur af því. Þetta er bara kostnaður og ég ræð engu um það hvort fólk kemur eða ekki. Ég get ekki stoppað það. Ég hef enga möguleika. (M10)

Ég held að ferðamenn séu flestir í landi Reykjahlíðar og Voga. Þar eru landeigendafélög á báðum stöðum. Það þarfa að fara allt í gegnum þá, allt skipulag, þeir þurfa að samþykkja og svona. Annars staðar í sveitinni hefur þetta gengið greiðar fyrir sig. [...] Við viljum öll hafa eitthvað skipulag. (M7)

Sumir viðmælendur höfðu reynslu af því að sækja um styrki til framkvæmda á áfangastöðum ferðamanna. Einnig hafði ríkið haft aðkomu að umsjón og uppbyggingu staða. Að mati viðmælenda blasti við að leiðbeiningar um hvernig skuli standa að uppbyggingu og hver ætti að gera hvað hafi verið óskýrar.

Oft á tíðum er þetta einver togstreita einkaaðila og ríkisins. Landeigandi á stað eins og Hverum í Mývatnssveit hefur engan ávinning af fólkinu sem er að koma þarna. Vegna þess að hann hefur engan ávinning þá verður einhver dilemma. Svo langar hann að fara í uppbyggingu en þá kemur þessi ofboðslega sterka kennd okkar til að fá allt fyrir ekki neitt og þá strandar það í einhverri togstreitu. Það eru engar leiðbeiningar eða rammur um það hvernig uppbyggingin á að fara fram eða hvað er ásætlanlegt. (M3)

Það er bara búið að ákveða að þetta er ferðamannastaður. Þetta mun vera það. Auðvitað er það kannski okkar og mín sem hef engan sérstakan áhuga á því að reka ferðamannastað. Auðvitað geta menn gert helling og byggt upp staðina og byggt ýmislegt sjálfir og haft af því tekjur. En þú hefur kannski engan áhuga ef það er þegar búið að taka landið þitt eignarnámi og búið að kosta af ríkinu og öðrum slatta inn í þetta. (M6)

Það er ekki allt bara ríkið. Ríkið á að gera þetta og ríkið á að gera hitt því að ríkið getur ekkert farið inn á einkaland og gert nema það sé í umsjón ríkisins. (M9)

Sumar af náttúruperlum Mývatnssveitar, sem eru stórir áfangastaðir ferðamanna, hafa verið friðlýstar. Nokkrir viðmælendur voru á því að hugmyndin um friðlýsingu, sem hefði það að markmiði að vernda rétt komandi kynslóða til að njóta ósnortinnar náttúru, væri falleg en upplifun þeirra væri sú að þeim væri ekki sinnt nægilega vel miðað við þann fjölda sem þangað sækir. Óánægjan beindist m.a. að opinberum stofnunum, þar á meðal Umhverfisstofnun, sem íbúar vildu að hefði meira svigrúm til uppbyggingar og að sinna umsjón með svæðunum. Nokkrir viðmælendur gerðu upplifun sína af Hverfjall að umtalsefni og töldu að fjármagnsskortur væri tilfinnanlegur. Það svíði að horfa upp á hlutina gerast of hægt.

Friðlýst svæði eru fjársvelt og það er ekki að gerast það sem menn hefðu viljað sjá gerast þar. Hverfjall er friðlýst. Ég veit að það er engin ánægja með Umhverfisstofnun, ég bara segi það. Það er þetta með fjársveltið, að ríkið er að fjársvelta þessi svæði. Það er ekki gott ástand þar núna. Reyndar hafa landeigendur upp á eigin spýtur byggt upp veg og malbikað til dæmis bílastæði við Hverfjall. Ríkið ætlaði með friðlýsingunni að bæta aðgengi sem ekki hafa fengist peningar til að gera. (M9)

Ég held að vandamálið við stefnu stjórnvalda er þetta að trúa því að það þurfi að koma öllu undir í ríkið og það þurfi að friðlýsa og vernda alla skapaða hluti og þá bara sé allt í lagi. Ef við skoðum bara reynsluna þá sér maður að það batnar bara ekki neitt. Hverfjall til dæmis var friðað 2012 minnir mig. Það versnaði ástandið þar. Eina sem er búið að gera er að það er búið að byggja ljótasta klósett á Íslandi sem er sama húsið og er byggt alls staðar annars staðar. (M4)

Sumir viðmælendur furðuðu sig á hlutverki Umhverfisstofnunar á svæðinu og vildu stofnunin einbeitti sér meira að daglegri umhirdu ferðamannastaða í sveitinni.

Sumir voru á því að starfsemin sé of þung í vöfum og ekki á forsendum svæðisins eða vilja íbúa.

Það eru landverðir hérna á vegum Umhverfisstofnunar. Einu sinni var það þannig að þeir máttu fara um og tína rusl og hlúa að stöðum en þeir mega það ekki lengur. Þeir eru bara á friðlýstum svæðum og eru að veita ráðgjöf og svoleiðis. (M10)

Hér áður fóru landverðir bara og merktu gönguleiðir og það sagði enginn neitt við því og landeigandinn var bara feginn, það var búið að afmarka hvar fólkið labbar. Svo stækkar þetta og nú er komin starfsstöð Umhverfisstofnunar. Þar eru nokkrir sérfræðingar í vinnu. Þeir eru ekki að tína rusl eða að þrifa klósett. Þeir merkja ekki gönguleiðir nema það sé komið algjörlega geirneglt samkomulag og formlegheit á alla kanta hvernig það á að vera. Svona er þetta orðið einhvern veginn þungt og erfitt. [...] Svo segja þeir: „Já, já, við erum ofsalega dugleg að hafa samráð við heimamenn“. Jú, menn eru ekki með neinn skít og dónaskap en það er ekki samtal. En það er ekki þetta: „Hvað viljið þið að við gerum fyrir ykkur? Komið nú til okkar og segið hvað þið viljið að við gerum“. Nei, það er frekar hugsað: „Við erum að gera þetta fyrir ykkur“, sem við höfum kannski aldrei beðið um og höfum engan áhuga á. (M4)

Viðmælendur gagnrýndu einnig Vegagerðina fyrir ófullnægjandi vetrarþjónustu við þjóðvegina og við náttúruperlurnar og fyrir að hafa ekki fjölgað áningarstöðum í sveitinni.

Það hefur ekki verið nein vetrarþjónusta að Hverfjalli. Fólk fer bara og svo er bara hringt á vælubílinn af því að menn komast ekki og sitja fastir. (M9)

Vegagerðin er að gera alls konar úti um allt land en ekki þarna út af því að þetta er friðað og þeir vilja ekki snerta það, það er þeirra afsökun. Ég held að það séu 3-4 áningarstaðir sem Vegagerðin rekur hringinn í kringum vatnið. Þeir mættu vera fleiri. Ég nefni bara Hverfjallsafleggjarann. Það er ekki vetrarþjónusta þar og þá leggur fólk bara við þjóðveginn þegar það er ófært. Hverarönd er eins. Það er einhvern tímann stungið þar í gegn en á vetrinum er fólk langmest að stoppa á þjóðveginum. Fólk stoppar mjög oft rétt við Belg út af því að þar sér fólk fjallasýn og mikið af öndum og fleira. Það eru nokkrir staðir þar sem gefur augaleið að væri sniðugt að bæta áningarstaði. (M5)

Þrátt fyrir að ástandið á sumum svæðum í sveitinni hafi verið slæmt voru sumir viðmælendur á því unnið væri að úrbótum.

Við höfum aldrei verið í eins góðum málum með þetta af því að við erum búin að viðurkenna að þetta sé okkar burðarásatvinnuvegur og sá sem við ráðum mestu yfir. (M4)

Í einhverjum tilfellum væri búið að semja við landeigendur og vonir stóðu til um að ástandið myndi batna þótt enn væri langt í land í við uppbyggingu áfangastaða í sveitinni.

UPPLIFUN ÍBÚA AF FERÐAMÖNNUM OG FERÐAÞJÓNUSTU Í HEIMSFARALDRI

Áhrif heimsfaraldurs á daglegt líf og fækkun ferðamanna

Í fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins breyttist daglegt líf fólks mjög hratt. Það þurfti að aðlagast nýjum veruleika. Skríttinn tími fór í hönd og lítið annað að gera en að bíða. Strax varð ljóst að vorið í Mývatnssveit yrði ekki líflegt á sama hátt og árin á undan.

Það var bara mjög skrítið. Fyrst um vorið [2020] þegar þetta kom voru einhvern veginn allir að taka þessu brjáláð alvarlega. [...] Maður var þá kannski ekkert sjálfur að upplifa, maður hékk bara inni. (M5)

Það er erfitt að leggja mat á það af því að fólk bara hittist ekki. Samfélagið hérna byggir rosalega mikið á nánd. Það er mjög mikið af viðburðum, menn fara í Jarðböðin og hittast þar og spjalla. Og það er bara ekkert samtal í gangi. Ég held að margir hljóti þar afleiðandi að vera dálítið einangraðir og leiðir. (M3)

Nokkrir viðmælendur töluðu um að þessar aðstæður hefðu verið erfiðar fyrir samfélagið í heild sem iðulega væri samheldið og þrífist á samveru.

Fyrsta bylgjan kom á þeim tíma sem ferðaþjónustuaðilar voru að undirbúa sig fyrir vorið og sumarið sem, í samræmi við árin á undan, hefðu átt að vera lífleg. Bókanir fyrir árið litu vel út og starfsfólk í ferðaþjónustu var að tínast til starfa. Ferðaþjónustuaðilar sögðust hafa verið bjartsýnir. Fyrst um sinn var talið að faraldurinn myndi fljótt renna sitt skeið, lífið kæmist aftur í fastar skorður og koma ferðamanna í sveitina myndi aðeins frestast til skemmri tíma. Einn viðmælandi líkti þessum þælingum við kuldatíð á vorin þegar fáir eru á ferli og lítið að gera í ferðaþjónustunni.

Í skítatíð að vori er heldur engin traffík. Þetta var svolítið þannig. Bara, maður vissi að það kæmi traffík, það var bara spurning um daga. [...] Í mars [2020] vissi maður ekkert í hvorn fótinn átti að stíga og menn voru að ákveða sig svolítið í apríl. Þá var nú fyrirséð að þetta myndi ganga niður og það yrði einhver traffík. Menn voru bara ekkert komnir lengra en þetta í bylgjupælingunum. Þá voru menn almennt að hafa opið. (M4)

Einnig var bent á að þrátt fyrir að dregið hefði úr árstíðasveiflu í ferðaþjónustunni á árunum fram að faraldrinum þá væru slík sveiflutímabil flestum enn í fersku minni.

Hér er ekkert óvenjulegt að það komi tímabil án ferðamanna. Það var alvanalegt að draga saman starfsemi, loka eða hafa færri. Fólk íð hérna hefur verið í þessu hugarfari áður og farið í gegnum þannig tímabil svo oft og veit alveg hvað það er. [...] Desember og janúar, febrúar hefur verið rólegur tími. Þetta er ekki mjög mikill munur. Staðirnir hafa kannski lokað í 1 mánuð eða 2 um veturinn. Tíminn núna er ekkert 100% öðruvísi en hefur verið. (M8)

Þetta haust var bara [...] svona venjulegt haust. Það var bara allt einhvern veginn búið og bara langur og dimmur vetur framundan. [...] Yngra fólk íð sérstaklega vissi ekki hvaðan það stóð veðrið en svo rifjar maður þetta upp og þá jú, jú, við munum þetta. Árstíðarekstur, við kunnum hann. Við vitum alveg hvað það þýðir. (M4)

Enginn átti von á því að þetta ástand myndi standa lengi yfir. Í fyrstu reyndu sum fyrirtæki að hafa opið en smám saman rann upp fyrir fólk að bókanir myndu ekki standast.

Þetta er dálítið skríttin atburðarrás. Að jafnaði er þessi tími, febrúar, mars mjög líflegur. [...] Það var dálítið mikið um að vera og menn voru mjög bjartsýnir. Það leit vel út með bókanir, menn áttu von á frábæru ári og voru að búa sig undir það. [...] Svo gerist þetta eiginlega á versta mögulega tímapunkti þegar bókanir ættu að vera að streyma inn. [...] Og í staðinn fyrir að keyra inn í sumarið af fullum þunga þá varð bara þetta algjöra stopp. [...] Í staðinn fyrir að bókanir væru að streyma inn þá byrjuðu þær að streyma út. (M3)

Mér datt aldrei í hug að þetta yrði svona. Ég hélt að við myndum sigla út úr þessu síðastliðið haust. (M10)

Viðmælendur sem störfuðu ekki í ferðaþjónustu tóku vel eftir því að ferðamenn voru mjög fáir á svæðinu og bílaumferð snarminnkaði. Á umferðarteljara Vegagerðarinnar á Mývatnshéiði sást að meðalumferð á dag (ÁDU) í apríl dróst saman um 75% milli ára 2019 og 2020 (Vegagerðin, 2021).

Já menn voru að átta sig á því að ferðamenn myndu kannski ekki koma. Það voru allir í mikilli óvissu og vissu ekki frekar en aðrir á hverju þeir ættu von. [...]Maður fann bara langmest umferðina, hvað hún var miklu, miklu, miklu minni. Og engar rútur á ferðinni. Árin á undan hafa verið rútur allan veturinn og svo sumarið náttúrulega bara fullt af þessu. Maður sá svo mikinn mun á umferðinni. (M7)

Lífið í sveitinni minnti á gamla tíma, þegar landbúnaður var stærri atvinnugrein í sveitinni og ferðamenn voru mun færri. Sumir íbúar fundu langþráðan frið – eða spennufall – þótt vitað væri að staðan á svæðinu væri alvarleg. Það var eins og losnað hefði um uppsafnaða streitu. Sumum fannst þeir fá sveitina sína aftur.

Í sambandi við búskapin var þetta eiginlega dásamlegur tími vegna þess að við [...] verðum svo mikið vör við ferðamennina. Allt starf í sambandi við sauðfé [...] þá eru stundum árekstrar við ferðamennina. Þeir kunna ekkert að haga sér þegar þeir mæta kannski hóp af fé á veginum eða við veginn. Að því leyti var þetta dásamlegt. Það var algerlega friður og maður upplifir sveitina eins og maður hafði upplifað hana fyrir svona 15 árum, áður en ferðaþjónustan fór að verða á heilsársgrundvelli og svona mikil. Þetta var bæði jákvætt og neikvætt. (M9)


Mér fannst gaman að upplifa það. Maður upplifir gamaldags kyrrlátt vor. Það var engin sérstök traffík og bara fuglasöngur í loftinu og menn gátu bara stundað sitt varp og veiðar og þetta var bara gaman. (M4)

Það er líka gott að fá pásu. Maður verður þreyttur á öllu held ég. Ég held að ég væri alveg eins ef þetta væri alveg í öfuga átt. Fjögur ár með enga ferðamenn og svo kæmi eitt ár með miklum ferðamönnum, þá væri maður líka feginn að fá þá. Þetta er meira breytingin. (M5)

Mér finnst voðalega ljúft að vera laus við þá, ég verð bara að viðurkenna það. [...] Þetta hefur gríðarleg áhrif en mér líður bara mjög vel að það séu ekki alltaf túristar í hálsmálinu hjá mér. Þetta er bara gamla sveitin eins og hún var. (M10)

Sumir - og þá kannski tala ég frekar fyrir hönd þeirra sem eru ekki með atvinnu af ferðaþjónustu - að þú gast farið í búðina hvenær sem var. Og þetta var ákveðið spennufall. Menn urðu slakari yfir því og bara fegnir. Þegar ég var krakki þá var alltaf frí yfir veturinn en nú er þetta allt árið. Það er meiri pressa, meira stress þannig að ég held að sumir hafi verið fegnir. (M6)

Í símakönnun sögðu 82% Mývetninga að heimabyggðin hefði verið dauflegri en áður vegna fækkunar ferðamanna og 67% íbúa þótti neikvætt að erlendum ferðamönnum hefði fækkað umtalsvert á svæðinu (mynd 3).



Mynd 3 Upplifun af fækkun ferðamanna - svör úr Mývatnssveit

Á mynd 4 sést að hlutfall þeirra sem upplifðu dauflegri heimabyggð var svipað í Reykjavík og á Höfn og í Mývatnssveit. Á Ísafirði var hlutfall íbúa sem upplifðu dauflegri heimabyggð marktækt lægra en á hinum rannsóknarstöðunum þremur.


Dauflegri heimabyggð var einnig lýst í viðtölunum. Talað var um að mjög fáir eða engir ferðamenn hefðu verið á ferli í Mývatnssveit. Ástandið var ekki eðlilegt og upplifunin fjarstæðukennd.

Auðvitað er ekkert eðlilegt ástand núna, það er enginn túristi núna. (M10)

Það eru nokkrir á stangli. Kannski að einhverju leyti fólk sem er að nota tækifærið að heimsækja staðinn á meðan það er svona rólegt. En þetta er ekki grín. Ég er búinn að fara margar ferðir í Dimmuborgir og það bara kemur í alvörunni fyrir að ég hitti engan. [...] Þetta er svo súrrealískt að það er ekki hægt að ímynda sér þetta nema upplifa þetta. [...] Þetta verður svo ápreifanlega þínlegt. (M3)

Sumir sögðust sakna ferðamanna og/eða þeirra jákvæðu áhrifa sem ferðamenn hefðu á samfélagið.

Já ég sakna þeirra. (M9)




Mynd 4 Upplifun af fækkun ferðamanna - allir staðir

Ég sakna þess sem fylgir þeim. Mannlíf og aukin þjónusta og aukin velta og lífsgæði. En það er ægilega þægilegt að geta farið í búðina og bjóða góðan daginn og þekkja alla og vera 5 mínútur. [...] Það eru klárlega lífsgæði sem fylgja því að ferðamennirnir séu að koma. En svo eru líka lífsgæði þegar maður er í litlu, krúttlegu sveitasamfélagi. [...] Mér finnst dásamlegt að búa hérna en með því að það er dásamlegt að búa hérna þá kannski fylgir því að það sé líka fólk að koma hérna sem setur eitthvað inn í samfélagið. (M5)

Áhrif á ferðaþjónustu og aðra þjónustu

Í símakönnun sögðust 64% svarenda í Mývatnssveit hafa fundið fyrir skertri þjónustu í heimabyggðinni vegna fækkunar ferðamanna (mynd 5) sem var marktækt hærra hlutfall en á hinum stöðunum þremur. Í Mývatnssveit var marktækur munur milli aldurshópa og eftir stöðu á vinnumarkaði. Íbúar 60 ára og eldri voru ólíklegastir og launþegar líklegastir til að finna fyrir skertri þjónustu.

Allir viðmælendur höfðu fundið fyrir breytingum í þjónustu í faraldrinum. Jarðböðin lokuðu á tímabili, veitingastaðirnir voru minna opnir en áður.



Mynd 5 Íbúar sem fundu fyrir skertri þjónustu vegna fækkunar ferðamanna - allir staðir

Samkomutakmarkanir komu í veg fyrir að hægt væri að halda fjölmenna, vinsæla viðburði s.s. villibráðar- og jólahlaðborð. Veitingastaðir buðu ekki upp á matsendingar úr húsi, til þess hafi heimamarkaðurinn verið of lítill.

Það er ekkert opið nema heilsugæslan og búðin. Apótekið, heilsugæslan, pósturinn, allt saman opið. En að það eru engin jólahlaðborð eða villibráðarhlaðborðin sem allir voru að fara á. [...] Og þessi hótél sem eru hér eru heldur ekki að bjóða upp á take-away eins og er gert á Húsavík og Akureyri. Þau hafa ekki farið í þann pakka af því að við erum náttúrulega svo fá sem búum hérna. (M1)

Búðin er opin og skólinn. Lónið var líka lokað í október, nóvember og desember [2020]. (M8)

Ég er ekki að segja að ég hafi farið oft á barinn en ég er allavega ekki að fara núna. Eurovision var ekki haldið til dæmis. Þá fóru allir á barinn og horfðu á Eurovision. En það er skerðing út af COVID og þá túristum líka að ég er ekki að fara út að borða. (M6)

Vorið 2020 breytti Samkaup nokkrum verslunum á landsbyggðinni úr Kjörbúð í Krambúð, þar á meðal versluninni í Mývatnssveit. Við breytinguna hækkaði vöruverð í versluninni og vöruúrval breyttist við litla hrfningu íbúanna.

Búðin er verri. Þeir [Samkaup] voguðu sér í vor að breyta úr Kjörbúð í Krambúð. Mættu með eitt skilti og hækkuðu vöruverð. Það var rosaleg reiði hérna og er enn. Það snarminnkaði og er ekki gróið með það. Heimafólk verslar helst ekki þarna. (M1)

Manni finnst þetta svo óforskammað enda voru menn reiðir og undirskriftalisti hérna. Þeir [Samkaup] buðu að menn gætu pantað sér úr Nettó bara þurrvöru og það þurfti að vera fyrir 15.000. Ef það var fyrir minna en 15.000 þá þurftirðu sjálfur að borga burðargjaldið. Það var nú það sem þeir buðu. (M7)

Nú er tilboð á nammi í staðinn fyrir kjöti. (M5)

Þetta er að angra mjög. Það er ekki svo langt síðan þeir breyttu búðinni úr Strax í Kjörbúð sem að bætti og þar með þá held ég að verslun heimamanna hafi aukist mjög. Margir versluðu alla sína verslun í búðinni. En þegar þeir gerðu þetta þá snéru menn baki við búðinni sem er ömurlegt. (M9)

Þjónusta við ferðamenn dróst einnig verulega saman. Flestum gististöðum var skellt í lás. Talað var um að ferðaþjónustuaðilar í sveitinni hefðu sammælt um að reyna að halda a.m.k. einum stað opnum til að taka á móti þeim fáu sem voru á ferðinni. Í viðtölum sem tekin voru í lok árs 2020 var talað um að sá staður hafi verið Vogafjós en í viðtölum sem tekin voru í ársbyrjun 2021 voru það Jarðböðin.

Á tímabili í vetur þá var hægt að fara inn á eitt hótél í hádegismat. Það lokaði svo mjög fljótlega þar á eftir. Það var á tímabili ekkert opið. Ég veit að ferðaþjónustuaðilar eru búnir að makka sig saman um að reyna að hafa einn opinn. Það sé þá bara einhver einn sem náí að hafa opið. Það hefur verið Vogafjós, sýnist mér. (M5)

Núna held ég að það sé alls staðar lokað. Það gæti verið að það væri hægt að fá einhvers staðar gistingu á Skútustöðum. En þetta er ekki neitt, neitt. Og bara út að borða er ekki hægt hér. (M7)

Við erum með Mývatnssstofu sem er sameiginlegt fyrir alla ferðaþjónustuna hérna. Ég held að hún styrki Vogafjós til að hafa opið þannig að það sé pottþétt einn staður opinn þar sem er hægt að fara og borða. Jarðböðin hafa verið það en þau hafa verið lokað. Og það var líka staður til að fara á klósett til dæmis utan við opnun búðarinnar sem er með klósett. Það var alltaf hægt að fara á klósett í Vogafjósi, þannig að það var alltaf hægt að vísa í það sem er bara ágætt öryggisatriði. Þetta er bara alveg svakalega breytt umhverfi í vetur. (M1)

Ég held að ég fari rétt með að það er enginn gististaður opinn í sveitinni og enginn matsölustaður. Það er opið í Jarðböðunum og versluninni og ekkert annað. (M10)

Á tímabili buðu stóru hótélkeðjurnar, Icelandair hótél og Fosshótél, viðskiptavinum hagstæð tilboð sem gerði þeim kleift að halda opnu á svæðinu um tíma. Talað var um að fyrirtæki í eigu og rekstri heimamanna hafi ekki haft bolmagn til þessa og hafi að því leyti komið verr út úr lokunum en stóru hótélkeðjurnar.

Það virðist hafa verið góð sala í þessum tilboðsbréfum hjá hótélkeðjunum, þær voru báðar með opið. Einkahótelin fóru verr út úr þessu, miklu minni trafik hjá þeim. Keðjurnar náðu einhvern veginn að dómínara heimamarkaðinn, seldu bara höfuðborgarþéttum fríð fyrirfram. Það var bara ekkert að því. (M4)

Margir viðmælendur í Mývatnssveit höfðu áhyggjur af afkomu íbúa vegna stöðunnar í ferðaþjónustunni. Flestum þótti ljóst að fækkun ferðamanna myndi hafa áhrif á fyrirtækin á svæðinu til lengri tíma.

Áhrif á atvinnu og tekjur einstaklinga

Um helmingur viðmælenda í Mývatnssveit hafði misst starfið í faraldrinum, taldi sig vera við það að missa starfið eða átti mika sem hafði unnið í ferðaþjónustu og farið á hlutabótaleið. Atvinnurekendur í ferðaþjónustu héldu að sér höndum við ráðningar, drógu úr starfshlutfalli eða gripu til uppsagna. Allir þekktu einhverja sem höfðu þurft/myndu þurfa að taka á sig skell. Sá skellur var ekki bara bundinn við ferðaþjónustuna heldur líka aðrar atvinnugreinar í sveitinni.

Það héldu allir að sér höndum. Sögðu upp og losuðu sig við fólk. (M1)


Ég átti að byrja að vinna hjá [Fyrirtæki X] í mars. Það gerðist aldrei. (M8)

Síðan hefur þetta þau áhrif á mig að ég er að missa vinnuna þó ég vinni ekki við ferðaþjónustu. (M10)

Með þessari miklu ferðamannabylgju til Íslands á síðari árum fengum við bændur náttúrulega útflutningsmarkaðinn heim í hlað. Mikil úrvalsstaða. Nú misstum við hann. Það er alveg morgunljóst í mínum huga að einhvern tímarn fái ég markaðssamdráttinn 2020 í hausinn. (M2)

Um helmingur íbúa í Mývatnssveit taldi COVID-19-faraldurinn hafa haft neikvæð áhrif á tekjur þeirra eða fjölskyldna þeirra og var það mun hærra hlutfall en á hinum rannsóknarstöðunum þremur (mynd 6). Í Mývatnssveit var marktækur munur á svörum eftir stöðu á vinnumarkaði og eftir því hvort einstaklingar störfuðu við ferðaþjónustu en rúmlega 80% einstaklinga með starf í ferðaþjónustu og sjálfstætt starfandi/atvinnurekenda sögðu áhrif faraldursins á tekjur þeirra vera neikvæð.

Til að skýra tengsl mats á áhrifum faraldurs annars vegar á tekjur og hins vegar búsetu og þess hvort einstaklingar hafi ferðaþjónustu að aðalstarfi var gerð aðhvarfsgreining á svörum þessara hópa. Svörin voru metin á fimm punkta kvarða þar sem 1 táknaði mjög neikvæð áhrif og 5 táknaði mjög jákvæð áhrif (mynd 6).




Mynd 6 Áhrif COVID-19 á tekjur einstaklinga – allir staðir

Aðhvarfsgreiningin sýnir að Mývetningar settu sig að jafnaði á 2,3 á kvarðanum sem segir til um áhrif COVID-19 faraldursins á tekjur svarenda og fjölskyldna (tafla 3). Af þessu má sjá að áhrif faraldursins á tekjur svarenda og fjölskyldna þeirra hafi verið neikvæðari í Mývatnssveit, 101 Reykjavík og á Höfn en áhrifin verið mildari á Ísafirði. Greiningin staðfestir einnig að áhrif faraldursins á tekjur einstaklinga með starf í ferðaþjónustu hafi verið neikvæðari en á einstaklinga í öðrum atvinnugreinum.

Um 66% svarenda í Mývatnssveit taldi atvinnuleysi í ferðaþjónustu í faraldrinum hefði bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu. Marktækur munur var á svörum milli rannsóknasvæðanna fjögurra (mynd 7) en hlutfall þeirra sem taldi erlent starfsfólk frekar hafa orðið atvinnulaust var langhæst í miðborginni og lægst á Ísafirði. Í Mývatnssveit var marktækur munur á svörum mismunandi aldurshópa og eftir því hvort einstaklingar störfuðu við ferðaþjónustu. Fólk á aldrinum 45-59 ára og fólk sem starfaði ferðaþjónustu var líklegra til að vera ósammála því að atvinnuleysi í ferðaþjónustu hafi bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendum á svæðinu.

Tafla 3 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar

Mat á áhrifum Covid-19 faraldursins á tekjur einstaklinga og fjölskyldna þeirra*	
Starfar ekki í ferðaþjónustu (Mýv.)=0	2,744
Starfar í ferðaþjónustu (Mýv.)	-1,077**
Búseta (Mývatn=0)	2,333
101 Reykjavík	0,231
Ísafjörður	0,457**
Höfn	0,233
*Kvarði frá 1-5; 1=mjög neikvæð áhrif; 5=mjög jákvæð áhrif	
**p>0,001	



Mynd 7 Atvinnuleysi hafi bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu - allir staðir

Þótt lokanir fyrirtækja hafi dregið úr atvinnuöryggi fylgdi þeim einnig á vissan hátt jákvæð áhrif á líðan einstaklinga. Framlínustarfsfólk í ferðaþjónustu var fegið að fyrirtæki hefðu lokað og að það hafi ekki þurft að standa vaktina í óvissu og hugsanlegri smithættu.

Það var gott þurfa ekki að vera í þessari stöðu að hugsa hvort það væri hættulegt fyrir mig eða hvort það þyrfti að loka ef eitthvað gerðist. [...] Bara þetta með grímur og sóttþreinsun eftir hvern viðskiptavin eða þegar þú snertir eitthvað sem aðrir hafa snert. Það er svo stressandi. Það var á vissan hátt léttir. (M8)

Viðmælendum þótti óljóst að hve miklu leyti faraldurinn hefði haft áhrif á atvinnustigið í Mývatnssveit. Ljóst væri þó að enga vinnu væri að fá í ferðaþjónustu og fá atvinnutækifæri væru í sveitinni. Þetta hefði augljóslega sýnar afleiðingar.

Sveitin er bara háflömuð af því að menn hafa ekki vinnu. (M10)

Sumir viðmælendur töldu að margir biðu á atvinnuleysisbótum eða í lækkuðu starfshlutfalli með hlutabætur á móti. Aðrir héldu að erlent starfsfólk hefði frekar misst vinnuna en heimamenn síður sem rímar við niðurstöður símakönnunarinnar eins og áður hefur verið nefnt. Sumir töldu að margt erlent starfsfólk hefði farið af svæðinu fljótlega eftir að faraldurinn hófst eða um haustið 2020. Aðrir töldu að margt fólk biði á svæðinu þar sem ekki væri verra að bíða í Mývatnssveit en annars staðar. Öllum kom þó saman um að það sem einkenndi tímann var einfaldlega biðin. Lítil hreyfing var á vinnumarkaði, mjög fá eða engin (ný) störf voru í boði.

Ég held að það sé svona þokkalegt að því leyti til að það er ekkert mikið verið að kvarta yfir atvinnuleysi. Það var mikið þannig að hausarnir á fyrirtækjunum voru Íslendingar en starfsfólkið mikið útlendingar þannig að atvinnulífið á hinu venjulega fólki er ágætt. (M6)

Það er einhver slatti hérna af útlendingum en samt ekki margir. Ég veit að í híbýlum [Fyrirtækis X] eru einhverjir starfsmenn þó allt sé lokað. En ég veit að margir fóru bara heim. Þetta er mjög hreyfanlegt vinnuafli og fer bara heim eða annað að vinna eins og gengur. Ef þetta hefðu verið heimamenn sem ættu hérna heima og húsin sín og fjölskyldur þá væri ástandið svakalegt. (M4)

Mjög margir fóru í minnkað stöðugildi. Kannski ekki neinn sem var sagt upp en margir svona alveg á mörkunum að halda þessu. Mjög margir eru í þessu úrræði að vera bara í hlutastarfi og ríkið borgi á móti. (M5)

En það er ekki hægt að fara í eitthvað annað. Við höfum engin störf fyrir þetta. Í rauninni bíður fólk bara á atvinnuleysisbótum. Þeir sem eiga fasteignir hérna eru bara hér og yfirleitt er það þá annar makinn sem vinnur og hinn á atvinnuleysisbótum eða 25% reglunni hjá viðkomandi fyrirtæki. (M1)

Ég er ekkert viss um að heimamenn [...] hafi orðið fyrir einhverjum óbærilegum skelli, sjáðu til. En svo eru til dæmis hótél hérna, Icelandair hótél og Fosshótél, þessi stærri hótél sem eru partur af landskeðju eða slíku og eru í eigu aðila sem er ekkert fólk hér í sveitinni. Það er kannski eitthvert félag eða hvers konar eignarhald. Þessir staðir bara einfaldlega loka og fólkið fer. En það var kannski fólk sem við áttum alveg von á að myndi alveg fara einn góðan veðurdag. Það er kannski búið að starfa hér í einhver ár og hefur ekkert endilega sagt að það ætli að búa hér til eilífðarnóns eða sett sig niður á þann hátt. (M2)

Nokkrir viðmælendur töldu um að fólksfækkun hefði átt sér stað í Mývatnssveit í faraldurinum. Um hefði verið að ræða einstaklinga og fjölskyldur sem hefðu ekki átt rætur á svæðinu en tilheyrði heldur ekki hinu „hreyfanlega vinnuafli sem var að stórum hluta í sveitinni“ (M2). Talað var um að grunn- og leikskólabörnum hefði fækkað. Sumir, en þó ekki allir, voru á því að starfsmissir eða verkefnaskortur í ferðaþjónustu hafi verið ein helsta ástæða brottflutnings fjölskyldufólks úr sveitinni.

Það var dálítið um það í sumar og haust að yngra fólk með börn sem var að fara í burtu. Sumir misstu vinnuna og ákváðu þá, sérstaklega fólk sem ekki hafði tengsl, það fólk er að fara og fór. (M9)

Þetta eru eitthvað um 40 börn í skólanum og það kom ekki nema 1 í staðinn. Þá sérðu hvaða áhrif þetta hefur. Það eru margir hérna í kringum mig sem eru héðan. Þeir sem fóru voru ekki héðan. Skilurðu? Það var fólkið sem kom af því að það var gott ástand. (M6)

Við erum með meira af Íslendingum sem voru að flytja hingað og setjast að sem við erum að missa. En við ætlum að ná þeim tilbaka. (M1)

Almennt var talið að staðan í Mývatnssveit hefði verið mun verri hefði efnahagsúrræða stjórnvalda vegna heimsfaraldursins ekki notið við. Aðgerðirnar virtust veita fyrirtækjum og launafólki viðnám og orðið til þess verja störf og forða fyrirtækjum frá gjaldþroti.

Ég held að staðan væri slæm miðað við að allir rekstraraðilar hafi farið einhvers konar hlutabótaleið. Ég þekki svo sem ekki hvort eða hve margir hafi haldið vinnu sem höfðu ætlað að vera lengur af þessum erlendu. Það er alltaf talsverð velta þar. En ég held að hún væri alls ekki góð miðað við hve margir eru að nýta sér úrræðin. Ég trúir ekki að fólk sé að nýta sér þetta nema það þurfi þess. Ég veit að bankastofnanir eru að koma til móts við fólk líka með að borga af lánnum og öðru. Það er að redda mjög mörgum líka. Ég held að það hefði verið mjög svart ef ríkið hefði ekki stutt við þetta. (M5)

Þessi hlutabótaleið, stuðninglán, lokunarstyrkir, greiðslufallsstyrkir og hvað þetta heitir. Þetta er að hjálpa mörgum eða virðist vera að hjálpa. Hvað sem svo verður til lengri tíma veit maður ekki en maður finnur það að þetta er eitthvað að hjálpa. (M7)

Mikil samúð var með þeim íbúum sveitarinnar sem mögulega áttu allt sitt undir ferðaþjónustu. Fæstir höfðu áhyggjur af sjálfum faraldrinum. Margir höfðu áhyggjur af samfélaginu og nágrönnum sínum vegna óvissunnar sem skapaðist. Mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir allt samfélagið í Mývatnssveit kom vel í ljós í faraldrinum; ferðaþjónustan var ekki lengur árstíðabundið verkefni sem gaf af sér tekjur heldur undirstöðuatvinnugrein. Ennfremur væri ljóst að ferðaþjónustan væri býsna berskjölduð gagnvart áföllum.

Það sem ég hef mestar áhyggjur af er að við erum í óvissustöðu, bæði þeir sem starfa í ferðaþjónustu og eru með ferðaþjónusturekstur og aðrir, gagnvart því hvað gerist núna þegar þetta böll tekur enda. Við höfum kannski allt í einu rekið okkur á að ferðaþjónusta sem atvinnuvegur er ekki eins ósnertanleg eins og við héldum fyrir ári að hún væri. Að það þurfti ekkert meira en faraldurssjúkdóm til að raska svona gríðarlega miklu. [...] Þetta náttúrufrýrbæri er visst áfall. Eins fjölbreytt og þau geta orðið þá erum við allt í einu búin að fá þann skóla að ferðaþjónusta er kannski miklu viðkvæmari en við héldum og var ekkert voðalega vel í stakk búin. Það var ekkert Plan B til. (M2)

Þetta eru náttúruhamfarir, þetta er í eðli sínu eins og eldgos. Þetta er svo algjörlega útóþískt. Það voru örfáir sem gátu látið sér detta í hug að þetta

gæti gerst og það hlustaði enginn á það, þeir voru bara eitthvað ruglaðir. Ef þú hefðir heyrt fréttir eins og í september að tekjusaamdráttur Ícelandair yrði 97%, maður hefði haldið að það væri eitthvað leiðinlegt áramótaskaup. En þetta er það sem við erum að fást við [...] Við þurfum að dila við þetta eins og við séum í heimsstyrjöld eða í eldgos. Og viðbrögðin þurfa einhvern veginn að taka mið af því. (M3)

Nokkrir viðmælendur bentu á að faraldurinn hefði dregið fram mikilvægi þess fyrir samfélag eins og Mývatnssveit hefði fleiri en eina atvinnugrein.

Það er nauðsynlegt að vera með fleira en ferðaþjónustu. Það er alveg sama hvar það er, það er ekki gott að vera með eina atvinnugrein. Ég tel að það séu mikil tækifæri í afþreyingarferðaþjónustu hérna, í viðbót en það þarf að vera eitthvað annað líka. (M10)

Mér finnst klárlega að það þurfi að hugsa um fleiri starfsgreinar. Það sést bara núna að ef sveitarfélagið er tekið út fyrir sviga þá eru bóndabýlin og kannski tveir aðrir staðir sem ganga þokkalega sem eru algjörlega óháðir ferðaþjónustu. Mér finnst of mikið undir að setja öll eggin í sömu körfuna. Það er ekki hollt fyrir neitt samfélag að vera bara með eina sterka atvinnugrein ef hún klikkar. (M5)

Sumarið 2020

Í maí 2020 voru samkomutakmarkanir rýmkaðar. Í fyrstu var umferðin lítil en eftir miðjan júní fóru ferðamenn aftur að sjást í Mývatnssveit.

Við sáum það bara hérna í sumar þegar tilslökun á landamærunum byrjaði 15. júní að bókstaflega daginn eftir var komin traffík hérna í Mývatnssveit. (M4)

Mývetningar tóku samt vel eftir því að erlendir ferðamenn voru talsvert færri en þeir höfðu verið sumrin á undan. Svefn- og húsbílar og bílar á erlendum númerum sáust þó í auknum mæli. Fáar eða engar rútur sáust á svæðinu og í fyrsta sinn í mörg ár komu farþegar skemmtiferðaskipanna frá Akureyrarhöfn ekki til Mývatnssveitar. Um 3 af hverjum 4 Mývetningum kvaðst ekki hafa saknað


stemmingarinnar sem fylgir dögnum sem rútur skemmtiferðaskipanna koma í sveitina á sumrin (mynd 8) og var enginn marktækur munur milli mismunandi hópa.

Í símakönnuninni kom fram að 91% Mývetninga fannst Íslendingar hafa verið meira áberandi um sumarið en oft áður (mynd 9). Marktækur munur var á svörum eftir aldurshópum, fólk á aldrinum 18-29 ára var síður á því að innlendir ferðamenn hafi verið meira áberandi en áður.


Það verður allt í einu þessi breyting að íslenskir ferðamenn eru í miklum meirihluta í sumar. (M2)

Sumir viðmælendur töluðu um að það hefði lifnað yfir svæðinu og „lyft samfélaginu upp“ (M1) að fá aftur ferðamenn á svæðið.

Mörgum viðmælendum kom ánægjulega á óvart hvernig samsetning ferðamanna var. Nokkrum kom umferðin á óvart en flestir töluðu um að sumarið hefði verið öðruvísi en önnur sumur. Talað var um að viðmót ferðamanna hafi verið betra en búist hafði verið við og íbúar höfðu vanist en einnig var bent á að íbúar hafi almennt ekki verið mikið á þeim stöðum sem ferðamennirnir voru.



Mynd 9 Hlutfall þeirra sem fannst íslenskir ferðamenn vera meira áberandi - allir staðir



Mynd 8 Engir skemmtiskipadagar – svör Mývetninga

Sumarið var talsvert öðruvísi. Það kom alveg hellingur af fólki og allt fylltist í 2 mánuði. Svo tæmist allt. [...] En maður tók eftir því að það var aðeins öðruvísi umferð og maður fór út að borða og það voru öll borð pöntuð. Það er ekki alltaf þannig með útlendinginn. Íslendingurinn var meira að borða á veitingastöðunum einhvern veginn. Síðan var maður sjálfur að passa sig og fór lítið út að borða. Það er kannski líka breyting á manni sjálfum. (M5)

Þeir allavega eru ágætir en Íslendingar eru frekar leiðinlegir viðskiptavinir yfirleitt hef ég heyrt. En ég heyrði að þeir voru skárrí í fyrrasumar heldur en oft áður. Það er kannski fyrir það að það var lítið af útlendingum. (M6)

Þetta var svo sem bara afslappað sumar. Þú gast farið út og hitt fólk, staðirnir voru opnir. En þeir hljóta að hafa þurft alltaf að vera að telja hversu margir voru inni. Auðvitað var sumarið ekki eins gott og pakkað eins og venjulega, en allt í lagi. (M8)

Mikið var að gera í ferðaþjónustufyrirtækjum en viðmælendur töluðu um að erfitt hefði verið að manna stöður, það hafi einfaldlega vantað fólk til að vinna. Mögulega hafi það bitnað á gæðum þjónustunnar því eitthvað virðist hafa verið um kvartanir hjá innlendum ferðamönnum.

Ferðamenn urðu miklu fleiri í sumar heldur en menn höfðu haldið að þeir yrðu og það var mannekla í ferðapjónustunni. Þetta var svolítið absúrd staða. Ferðamennirnir komu en vinnuaflið var farið úr landi og menn voru bara hér að vandræðast með að manna staðina. Íslendingar brugðust vel við kallinu að ferðast innanlands en vandamálið er að þú getur ekki bæði verið í ferðalagi innanlands og líka verið að vinna í ferðapjónustu. Það kom upp dálítið skondin staða að þessu leytinu til. (M2)

Íslendingar urðu alveg rosalega duglegir að ferðast sem aftur á móti þýddi að það var töluvert af kvörtunum um til dæmis veitingastaði að það væri mjög léleg og hæg þjónusta. (M1)

Flestir voru á því að sumarið í ferðapjónustunni hafi verið ágætt en samt ekki eins gott og í venjulegu ári. Það byrjaði hratt og endaði snögglega þegar þriðja bylgja kórónuveirufaraldursins hófst undir sumarlok – umferðin dróst verulega saman aftur og öllu var lokað á ný.


FRAMTÍÐ OG ENDURREISN FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Á öllum stöðunum fjórum kom skýrt fram að íbúar töldu að kórónuveirufaraldurinn hefði undirstrikað mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið í heimabyggð. Í Mývatnssveit voru 96% á þessari skoðun. Enginn marktækur munur var á svörum Mývetninga, íbúa í 101 Reykjavík (91%) og íbúa á Höfn (96%) en hlutfall Ísfirðinga á þessari skoðun var marktækt lægra (84%). Mývetningar (94%) voru ekki í neinum vafa um að það væri mikilvægt fyrir heimabyggðina að ferðaþjónustan myndi ná fyrri styrk að faraldrinum loknum. Marktækur munur var á milli rannsóknarstaðanna fjögurra eftir því hvernig íbúar mátu mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulíf og væntingar um að ferðaþjónustan í heimabyggðinni næði aftur fyrri styrk (mynd10). Á öllum svæðunum var jákvætt samband milli þessara tveggja atriða.




Mynd 10 Mat íbúa á mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir atvinnulíf og á mikilvægi þess að ferðaþjónusta nái fyrri styrk. Samanburður á meðaltölum svara á stöðunum fjórum (1=mjög lítilvægt; 5=mjög mikilvægt)

Mikilvægi ferðaþjónustunnar í heimabyggðinni var rætt í viðtölunum frá mörgum hliðum eins og tíundað hefur verið hér að framan. Á öllum stöðunum fjórum var mikill stuðningur meðal íbúa við aðgerðir stjórnvalda til varnar ferðaþjónustu og við takmarkanir á landamærum til að sporna við útbreiðslu á COVID-19 (myndir 11-12).



Mynd 11 Viðhorf íbúa til mótvægisáðgerða stjórnvalda til stuðnings ferðaþjónustu - allir staðir



Mynd 12 Viðhorf íbúa til takmarkana stjórnvalda á landamærum - allir staðir

Viðmælendur voru á því að rekstraraðilar væru að reyna sitt besta til að þrúka og nýttu þau bjargráð sem í boði væru frá ríkinu. Nokkrir viðmælendur töluðu um sterka samstöðu meðal íbúa í sveitinni og æðruleysi. Einn viðmælendi gagnrýndi stóru hóteldjurnar fyrir að hafa ekki sýnt samfélagslega ábyrgð með því að loka og að ekkert væri gert af þeirra hálfu til að styðja við íbúana. Fólk hafði vissulega áhyggjur af stöðu ferðaþjónustunnar en vonuðu að hún yrði fljót að taka við sér þegar bólusetning yrði útbreidd.

Ég vona bara samfélagsins vegna að það verði sem fyrst. (M10)

Þetta er lífsviðurværið, það er allt undir. Það er búið að vera svo rosalega mikil uppbygging hérna. [...] En það er bara ekkert við því að gera, þetta bara er svona. [...] Auðvitað er þetta svakalega erfitt og ekki vitað hvernig þetta mun koma út, hvort fyrirtækin lifa af eða ekki. En það er bara ekkert við þessu að gera. Það breytir þessu ekkert. (M1)

Maður er uggandi af því að þetta er lífsafkoma fólks. Fólk er að missa lífsviðurværið. En ég veit ekki til þess að það sé neinn ákveðinn í að hætta hérna. Menn eru bara að reyna að þreyja þetta, reyna að komast í gegn. En svo auðvitað finnum við það að við erum komin með allt of mikið af þessum stóru keðjum sem er alveg nákvæmlega sama um samfélagið sitt að þær loka bara þegar þeim hentar. Þær gera allt sem þeim hentar. Það er lócallinn sem er að berjast við að gera eitthvað. (M10)

Það verða einhverjar breytingar. Sjálfsgagt detta einhverjir út og það verði lagfæringar í fyrirtækjum, kannski jafnvel sameiningar og annað. (M6)

Þetta er algjört sjokk en ég held að þetta sé djúpt einhvern veginn í menningu og kúltur og kannski í beinunum á fólki á þessu svæði. Það er mikill styrkur og mikil seigla og það er mikil samstaða. Menn eru búnir að fara í gegnum alls konar kjaftæði í gegnum tíðina. Það er kannski af því að við höfum átt gott samtal í gegnum tíðina og samstarf að samfélagið er ekkert að leggja árar í bát. En það er líka að það er svona collective agreement fyrirtækjanna, fólksins, sveitarfélagsins, fjármálastofnanna sem snerta okkur hérna, bara komumst í gegnum veturinn, undirbúum okkur og höldum áfram.. (M3)

Bent var á að pásan sem fylgdi faraldrinum hafi mögulega orðið til þess að draga jákvæðar hliðar ferðaþjónustunnar fram og verið áminning um hvernig ferðaþjónusta hefur stutt við byggðina og samfélagið á svæðinu.

Ég held að það sé þessi pása sé mjög jákvæð. Maður heyrði það að menn voru orðnir mjög þreyttir á ferðamanninum, mjög margir - og þar á meðal ábyggilega ég. Þessi pása gerir það að verkum að maður metur það miklu meira að fá ferðamenn. Maður sér hvað þeir eru mikilvægir fyrir sveitina og samfélagið. (M5)

Ferðaþjónustan gerir fjölbreyttara samfélag. [...] Þetta styrkir samfélagið mjög mikið. [...] Kannski er stóri styrkurinn við ferðaþjónustuna að við fáum í raun og veru meiri lífsgæði með margt. (M6)

Ferðaþjónustan gerir okkur kleift að hafa þetta samfélag hérna, líka þá sem eru ekki í ferðaþjónustu. Það þarf fólk hérna til að vinna hjá

sveitarfélaginu. Ef það eru fleiri fjölskyldur sem búa hérna þá fjölga börnum í leik- og grunnskóla. Þó að maður vinni ekki beint í ferðaþjónustu þá tengjast mörg störfín ferðaþjónustu á einhvern hátt. Við erum öll í einum potti hérna. (M8)

Mannlífið er best og störfín í kringum það. Þetta býr til forsendur fyrir okkur að búa þar sem við viljum búa og búa í samfélagi sem er skemmtilegt, lifandi og með alls konar vinkla sem aðrir njóta ekki. (M3)

Í könnunum sem gerðar voru 2017 og 2019 hafa fjölbreytt mannlíf, tekjur og atvinnusköpun staðið upp úr sem jákvæðustu þættir ferðaþjónustu að mati Norðlendinga. Í sömu könnunum kom fram að neikvæðustu þættirnir tengdust umferð, umgengni ferðamanna og álag á innviði sem aðallega birtust sem athugasemdir um skort á stýringu eða innviði sem þyrfti að bæta úr svo þeir gætu tekið betur við umferð ferðamanna. Svipuð sjónarmið komu fram í þessari rannsókn.

Þetta er álag á náttúru svæðisins sem við þurfum að dila við. Það er ekki neikvætt, það er bara áskorun. Við erum að leysa í sambandi við fráveitumál og annað. (M3)


Fyrir mér er kannski fjöldinn og þá ekki nógu mikla stýring á hvar hlutirnir eru. Æ, maður er stundum svolítið þreyttur á skeinibréfunum. (M6)

Umferðarmenningin er neikvæðust. (M1)

Neikvætt er agaleysið og þessi hömlulausa umgengni. Sinnuleysi að láta þessa lausagöngu fara fram bara athugasemdalaust. Það er okkar sinnuleysi. Ferðamaðurinn veit ekkert betur. Það er okkar sem heimamanna að hlutast til um að það sé sæmilega gengið um. (M4)

Aukin áhersla á sjálfbærni

Rúmlega 80% svarenda í símakönnun í Mývatnssveit vildu að við endurreisn ferðaþjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður (mynd 13). Enginn marktækur munur var á svörum mismunandi hópa í Mývatnssveit. Í viðtölum við Mývetninga kom fram að ferðaþjónusta ætti að byggja á sjálfbærni og stefna að auknum lífsgæðum og arðsemi íbúa. Sumir viðmælendur voru á því að búið væri að taka á þeim vandamálum sem hefðu verið í ferðaþjónustu í Mývatnssveit og að uppbyggingin hefði verið komin í lag.



Mynd 13 Væntingar íbúa um sjálfbærni við endurreisn ferðaþjónustunnar - allir staðir

Ég held að Mývatnssveit hafi verið orðin alveg þokkalega sjóuð í því að taka á móti þessum ofboðslega fjölda þannig að ég vil bara ekki breyta neinu. Það er búið að byggja svo mikið upp þessa ferðamannastaði sem eru hérna og þeir eru farnir að geta borið allan þennan fjölda sem var kominn. Göngustígar og annað. Þetta er ekkert úttraðkað eins og þetta var. [...] Uppbyggingin var komin í mjög gott horf og orðin tilbúin til að taka á móti öllu þessu fólki. Stígarnir, Dimmuborgir, hótelin, veitingastaðirnir. Það var orðin meiri flóra og var bara orðið frábært og nóg að gera. (M1)

Ég held að við séum smám saman að læra þetta. Við munum allavega vera betur undirbúin þegar ferðamennirnir koma aftur. (M8)

Mér fundust ekki mikil vandamál tengd ferðamenskunni. (M2)

Augljóst var að tekjur frá ferðaþjónustu skiptu samfélagið máli. Auk þess væri framboð af þjónustu á svæðinu og var litið svo á að ferðamenn hefðu viðhaldið búsetuskilyrðum á svæðinu og að vegna þeirra hafi verið mögulegt að halda úti ýmiss konar þjónustu.

Í samfélögum eins og til dæmis hérna í Mývatnssveit sjá menn mætavel núna að það er ferðamanntraffíkin sem hefur haldið uppi búðinni. Um leið og ferðamanntraffíkin minnkaði þá snarversnaði þjónustan [...] Það er reyndar ekki búíð að skerða opnunartímann að neinu marki ennþá en ef maður er að horfa inn í einhverja lengri framtíð þá væri Samkaup bara löngu farin með búðina. Íbúarnir[...] eru að fá betri vegi og betri þjónustu eins og verslun. Hérna erum við í okkar litla 500 manna samfélagi með mannaða heilsugæslustöð sem er örugglega fádæmi. Og hún er ný, bara tekin í notkun fyrir örfáum árum, það er bara út af ferðamanntraffíkinni. Auðvitað eru nærsamfélögin að njóta góðs af traffíkinni af því að ferðamanntraffíkin virkar bara eins og fjölgun íbúa. [...] Það telur í neyslunni og samneyslunni. Allt þetta fólk er að borga eldsneytisgjöld, virðisaukaskatt og áfengisgjald og hvað þetta heitir allt saman. Þetta eru actual kaupendur [...], tekjuaukandi einstaklingar. Mér finnst það oft vanta í umræðuna. (M4)

Þetta skiptir gríðarlegu máli. Meðan þú ert með börn í skóla þá skiptir það máli hvort það er að fara slatti úr skólanum eða hvort það er að fjölga. Þannig að, veri ferðamaðurinn sem mest, þannig að maður sé með fólk hérna. (M1)

Mörgum viðmælendum þótti óljóst hvort markvisst væri unnið að eflingu sjálfbærni ferðaþjónustu í Mývatnssveit en voru sannfærðir um að innviðaupbygging væri hluti af lausninni. Flestir viðmælendur töluðu um ástand innviða, skort á viðunandi aðstöðu og upplýsingum fyrir ferðamenn sem talið var að myndu draga úr óþægindum íbúa. Vetrarþjónustu við þjóðvegina væri ábótavant, útskot eða áningarstaði vanti enn meðfram Mývatni og víðar á svæðinu og enn vanti víða skilti með viðeigandi upplýsingum fyrir ferðamenn.

Maður hefur alveg fundið fyrir síðustu góðu ár, það liggur við smá núningi á milli heimamanna og ferðamanna. Þá er það aðallega vegna þess að innviðirnir eru ekki nógu góðir. Fólk er að stoppa á miðjum vegi og alls konar atriði sem þyrftu ekki að vera en eru vegna þess að innviðirnir eru ekki nógu góðir. Til dæmis Vegagerðin og skiltamáli. Það er svo auðvelt að útbúa einhverjar leiðbeiningar fyrir fólk þannig að það viti þegar það kemur inn á svæði hvernig það á að haga sér. Ég held að það vanti svolítið upp á það. Það sem veldur núningi er þegar fólk er ekki að haga sér eins og það á að haga sér. (M9)

Vegagerðin er að borga mokstur en þeir eru alltaf að minnka mokstur en það eru alltaf að koma fleiri ferðamenn. Það er verri vetrarferðaþjónusta

á vegum heldur en var fyrir 20 árum. Það eru byggðir glænýir margra milljóna króna vegir og svo eru þeir ekki einu sinni ruddir á veturna loksins þegar það er gaman að fara þá. (M5)

Launin þín koma kannski út af ferðamönnum en ef þú sérð eitthvað sem þér mislíkar á hverjum degi þá getur það verið pirrandi. Við getum samt ekki alhæft að það eigi við um alla ferðamenn en það koma alls konar hlutir fyrir sem eru eins og maður hafi verið sleginn í andlitið, svona virðingarleysi. Við búum hér, þetta er heimili okkar. Ef við höfum ekki kerfi um hvernig eigum við þá að stjórna þessu? (M8)

Ég trúir því að þessi innviðaupbygging, bara að taka til og útbúa hlutina þannig að þeir þoli traffíkina þá verði íbúarnir glaðari. [...] Þeir sjá kannski eftir góðan rigningardag allt einhvern veginn útsparkað og skilja ekki neitt í neinu og halda að ástandið sé óviðráðanlegt sem það er af því að við erum ekki að ramma þetta inn. (M4)

Þá kom ítrekað fram að ekki búíð að skera úr um hvernig ætti að stýra ferðaþjónustunni og hvort sveitin og íbúarnir gætu tekið endalaust við fleiri ferðamönnum án þess að til einhvers konar stýringar kæmi.

Þetta er að auka lífsgæðin. Það er meira í boði. En svo er það þetta, viljum við fá 2 milljónir ferðamanna? Eða viljum við fá fjórar? (M10)

Auðvitað veit maður að tekjurnar eru að koma í gegnum þetta og fyrir samfélag snýst þetta um tekjur og hvað þú getur selt. En við megum ekki selja sál okkar. Það má ekki endalaust gefa og gefa til að fá sem mest. Þess vegna vil ég sjá stýringu og hægja aðeins á. (M6)

Þetta er bara auðlind og stýring á auðlindanýtingu að fólk kemur til að heimsækja landið okkar og þjóð og menningu og við erum með alls konar dæmi um controleraða auðlindanýtingu í sjávarútvegi og landbúnaði. Þetta er í eðli sínu ekkert öðruvísi. Þetta snýst um að búa til ásætlanlegan ramma sem hámarkar ávinning samfélagsins af auðlindanotkuninni. Svo geta menn rifist um það í 1000 ár bara eins og í fiskveiðum eða öðru. En flest er eiginlega betra en ekki neitt og rót vandans er kannski skilningsleysi stjórnálagmannanna sem höfðu þetta í fanginu þegar mest gekk á og þetta hefur ekkert skánað mikið síðan. (M3)

Hugmyndir um stýringu og skipulag

Í viðtölunum var óskað eftir hugmyndum Mývetninga um það hvernig þeir sæju fyrir sér ferðapjónustu í framtíðinni í Mývatnssveit og hverju þeir myndu vilja breyta til að auka ánægju íbúa, fengu þeir að ráða. Þrjú meginstef komu fram í sýn Mývetninga um skipulag og stýringu ferðapjónustunnar: 1 Áhersla á lengri dvöl ferðamanna), 2) Skýrari línur í stýringu, uppbyggingu og viðhaldi áfangastaða og 3) Ferðamenn framtíðarinnar

1. Áhersla á lengri dvöl ferðamanna

Eins og fram hefur komið höfðu Mývetningar fundið fyrir mikilli og þungri umferð gegnum Mývatnssveit. Mörgum fannst þróunin hafa verið í þá áttina fyrir faraldurinn að fleiri ferðalangar hefðu stoppað skemur en áður í sveitinni. Sumir gengu jafnvel svo langt að halda því fram að um eina stærstu áskorun ferðapjónustunnar í Mývatnssveit væri að ræða.

Það sem hefur breyst gegnum árin er að fólk stoppar miklu minna. Það er kannski hið stóra umhugsunarefni að fólk er að afgreiða Mývatnssveit kannski bara með því að hlaupa einn hring í Dimmuborgum og kannski stoppa við Hveri og svo eru þeir bara farnir. Það er stóra ógnin sem ferðabransinn stendur frammi fyrir í dag, finnst mér. (M4)

Svipaða sögu var að segja um farþega skemmtiferðaskipanna sem stoppuðu á hverjum stað í stuttan tíma eins og þeim væri „rennt í gegnum færabandavinnu“ (M6). Viðmælendur vildu sjá viðsnúning í þeirri þróun. Kórónuveirufaraldurinn var tækifæri til að draga almennt úr stressi og fólk hafi leitað meira inn á við. Faraldurinn kynni jafnframt að breyta ferðamynstri fólks í framtíðinni sem mögulega muni að sækjast eftir kyrrð og fámenni í stað þess að vera á þéttbýlum svæðum.

Ég held að fólk sé ekki mikið að fara að sækjast í borgarferðir núna. Það ætti bara að stökkva á það að þetta sé dreifbýlasta land Evrópu og það er hægt að vera úti í rassgati ef þú vilt. (M5)

Ég held að þeir sem hugsi sér til ferðalaga í heiminum muni ekki hugnast það að fara í þéttsetin rými, meira að segja þó að allir séu bólusettir. (M2)

Við teljum okkur trú um að þær breytingar sem verða til lengri tíma á viðhorfi og ferðahegðun fólks verði með þeim hætti að það kjósi frekar að sækja staði eins og Ísland og Mývatnssveit heim frekar en borgir. Það kjósi að fljúga kannski minna og vera þá lengur í einu. Við bindum vonir við að þessar langtímabreytingar verði til þess að styrkja stöðuna okkar heldur en hitt. Þegar þú ferð að sjá fyrir endann á þessu, langar þig að fara til London, New York, Tókýó eða langar þig að fara bara upp á hálendi og vera í friði? (M3)

Viðmælendur óskuðu eftir aukinni nýsköpun í ferðapjónustu með áherslu á náttúrufergurð svæðisins og útivist allan ársins hring sem miðaði að því að hægja ferð ferðamanna gegnum Mývatnssveit. Ferðamenn þyrftu að slaka meira á og dvelja lengur á svæðinu. Það myndi jafnframt styrkja stoðir ferðapjónustunnar utan sumartímans enn frekar.

Ég vil sjá ferðamenn færri og hægari. Ekki þetta stress að þurfa að tæst allt. [...] Við eigum fullt af náttúru og kosturinn við Mývatnssveit að það er fullt af stöðum hérna rétt í kring og stutt að fara. Fyrir mér geturðu verið í Mývatnssveit í viku og ekki séð allt. (M6)

Í vetrartraffíkinni þá hefði ég sagt að ætti að leggja mun meiri áherslu á áfangastaði og fólk bara er þar. Þú getur verið í Mývatnssveit í viku og þú hefur nóg að gera og þú getur gert út þaðan líka á fleiri staði. (M4)

Ég mundi vilja sjá meira af ferðamönnum sem stoppa lengur og væru ekki á ferð og liggja við með símann sinn úti í glugga og keyrir bara og nýtur seinna. Ég mundi vilja sjá meira af ferðamönnum sem eru gangandi. Það er bara svo mikil náttúrufergurð hérna og það er hægt að ganga svo víða hérna um. (M9)

Ég held að þetta slow travel henti þessum stað miklu betur heldur en einhver massi eins og er við Gullfoss og Geysi. Ég held að náttúran sé þannig að þú verðir að gera það. Mikill fjölbreytileiki. Ég ætla ekkert að draga úr því að það sé annars staðar en Gullfoss og Geysir er klárlega eitthvað aðdráttarafl sem þú þarft bara að sjá. En ef þú ferð í Dimmuborgir þá er svo margt annað að sjá heldur en gat í einum kletti, ef þú leitar. Ábyggilega er það þannig á fleiri massatúrismastöðum. Þetta er svo fjölbreytt landslag og lífríki og ég held að það sé meira þannig í Mývatnssveit en annars staðar. (M5)

Viðmælendur hvöttu íbúa til heimasölu afurða og að skapa tækifæri í nærumhverfinu til að bjóða ferðamönnum að upplifa það sem gerist í sveitinni og

efla tengingar við íbúana. Auk þess var talað um að efla þyrfti þá áfangastaði sem fyrir eru, búa til nýja ef þörf væri á og þróa nýjar ferðavörur sem miðuðu að því að lengja dvöl ferðamanna og auka tekjumöguleika íbúa á svæðinu.

2. Skýrari línur í stýringu, uppbyggingu og viðhaldi áfangastaða

Flestir viðmælendur voru sannfærðir um að betra utanumhald við verndun viðkvæmra svæða í Mývatnssveit myndi ýta undir ánægju íbúa. Flestir gerðu sér grein fyrir því að framkvæmdir séu nauðsynlegar til að vernda umhverfi, takmarka ágang og stýra umferð ferðamanna, óháð því hver ætti landið eða færi með umsjón þess. Ljóst var að uppbygging og viðhald væru kostnaðarsöm verkefni. Kallað var eftir langtímahugsun við skipulagningu innviða og uppbyggingu áfangastaða í sveitinni. Einnig var almennt kallað eftir ákvörðunum um hvaða staðir skuli vera ferðamannastaðir.

Mér finnst vanta meiri þróun í því að menn skilgreini hvar nákvæmlega við viljum hafa túrisma og byggja það upp. Það eru svæði sem eru bara massastaðir, svo eru kannski aðrir staðir sem þarf að vernda og svo eru sumir staðir sem eiga bara ekkert undir þetta heima. Við þurfum ekki að selja alla staði alls staðar. En það er þessi stýring og hvað við ætlum að gera við fólkið. Við verðum að hafa einhver svæði sem eru bara fórnarsvæði eða svæði sem við ætlum að taki við hreinum massa og byggja það nógu andskoti vel upp. (M6)

Ég mundi vilja sjá betri og markvissari stýringu á straumnum þannig að við séum að auka þjónustugæðin og kannski í leiðinni hafa meira út úr hverjum og einum þó þeir verði eitthvað færri. (M3)

Ef ég réði þá myndi ég leggja það fyrir sveitarstjórnir þessa lands að skilgreina svæði innan sinna vébanda sem ættu að vera áfangastaðir fyrir ferðamenn og greina þjónustubörfina þar. Hvað þarf að gera þar. Sums staðar þarf bara að merkja bílastæði, afmarka það með einhverjum steinum og skipta um jarðveg. Sums staðar þarf að malbika eða gera göngustíga. Sums staðar þarf að byggja þjónustumiðstöðvar. Þetta ætti allt að vera gert að því leiðarljósi að það yrðu til tekjur á þeim stöðum sem krefðust verulegra útgjalda. [...] Ég vil meina að áfangastaður ferðamanna er bara viðskiptatækifæri. Svo er það bara okkar sem yfir þeim ráðum og skipulagsvald hvers sveitarfélags að stýra því að það sé sómasamlega gert. (M4)

Skýrari línur kalli á aðkomu landeigenda. Bent var þó á að landeigendur hafi ekki alltaf fasta búsetu á landinu og að hagsmunir þess hóps með tilliti til uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu fari ekki endilega með hagsmunum annarra.

Mér finnst líka vanta þetta að þú getir ekki beitt annarra manna land nema með leyfi. Er bara að landeigandi selji landið eða það sé tekið formlega eignarnámi? Þá þarf landeigandinn ekkert að velta því fyrir sér hvornig þetta er og fær þá bara greiddar bætur fyrir það. Mér finnst þurfa að horfa meira á þetta meira konkret. Hvað ætlum við að gera við allt fólkið og stýra því? Þetta er bara stýring á því hvornig við viljum hafa hlutina. (M6)

Hér í Mývatnssveit hafa eiginlega allir fengið land sitt í arf eða eitthvað tengt því. Sú breyting er að verða núna á seinni árum að erfingjar búa ekkert á jörðunum. Þeir búa allt annars staðar [...]. Þetta veldur því að erfingjar, sem koma í sveitirnar til sumardvalar eða annarrar frístundaiðkunar, hafa mjög ríka tilhneigingu að vilja ekkert með túrisma að hafa á sinni jörð. Bara burt með hann sko. Þó að bændur hafi kannski ekkert endilega verið þeir bestu af landeigendum þá held ég að við séum að eignast þarna annan landeigendahóp sem er miklu, miklu einkaeignarréttarmiðaðri heldur en sveitafólkið og bændafólkið. Ég held að í þessu liggi ákveðin hættu sem þurfi að fara að bregðast við og ræða. Hvornig ætlum við að tryggja ferðamönnum og ferðamennsku og ferðaþjónustunni þann aðgang að náttúru og landi sem auðvitað þarf og hversu mikið viljum við yfirleitt láta þá hafa? (M2)

Viðmælendur voru á því að ríkið verði að leiða uppbygginguna og marka skýrari stefnu í uppbyggingu áfangaðstaða. Óskað var eftir skýrara regluverki sem skilgreindi hlutverk allra hlutaðeigandi í uppbyggingunni. Opinberum stofnunum yrði fengið stærra hlutverk í daglegri umhirðu ferðamannastaða óháð eignarhaldi. Viðmælendur voru einnig á því að gera verði ráð fyrir því að fjármagn til framkvæmda og viðhalds verði tryggt með einhverjum hætti. Bent var á að landeigendur þyrftu að stilla lokunum í hóf til að einnig sé gætt að þörfum ferðamanna.

Ég vil meina að það séu til nútímalegri aðferðir, gríðarleg hugmyndaauðgi. Það eru alls konar sniðugir, lausnamiðaðir frumkvöðlar til sem má bara aðeins virkja með okkur í þessu. En stjórnvöld þurfa að hafa viðmiðin klár og segja að innan þessa ramma sé hægt að vera en það þurfi ekkert endilega að gera það af völdum ríkisstarfsmanna. [...] Ég

hef stundum velt fyrir mér ef við breyttum þessu og ríkið setti viðmið um að þessi stofnun [Umhverfisstofnun] ætti að hlutast til um að það væru merktar gönguleiðir og það væri gert þetta og hitt. Svo yrði það boðið út og ég gæti tekið að mér sem verktafi og myndi ráða fólk í vinnu sem væru ekki sérfræðingar hjá ríkinu heldur starfsmenn sem laga göngustíga, tína rusl og gera hitt og þetta. (M4)

Við megum samt ekki vera með ofstýringu á hlutunum varðandi umgengni um landið. Þessi frjálsa för um landið eru mikil verðmæti og þar á meðal í augum ferðamanna. [...] Ég vil sjá private-skiltunum fækka. Ég hef áhyggjur af því að þeirri þróun sem er í gangi með eignarhald að aðgengi að landi verði miklu knappara en við eigum að venjast. Til dæmis sumarbústaðabyggingar þekkja allir og hún er lokuð og ekki ætluð ferðamönnum eða bara einum eða neinum öðrum. (M2)

Sumir viðmælendur voru á því að stýring fælist í auknu svigrúmi fyrir landeigendur til að afla tekna en núverandi fyrirkomulag byði upp á.

Mér finnst ekkert sjálfsagt að fólk njóti svæðisins og skilji ekkert eftir. Ég veit ekki hvernig það ætti að gera þetta. Það er auðvitað alls konar með gjaldtökur. Mér finnst það ekki fyrsti kostur. En ég held að ferðaþjónustuaðilar í Mývatnssveit hafi lítið um þetta að segja. (M5)

Ég er mjög ósátt við það að það sé ekki tekin upp gjaldtaka eða city tax eða eitthvað svoleiðis. Sem landeigandi má ég ekki hafa tekjur af þessu en ég þarf að horfa á það drabbast allt niður. (M10)

Þetta bara snýst um einhvers konar aðgangsstýringu. Að menn greiði gjald, hvort sem er fyrir veitta þjónustu, salerni, bílastæði, ekki endilega aðgang heldur fyrir þjónustuna. Og þá í leiðinni með verðlagningu á þeirri þjónustu til að mynda bílastæðunum þá geturðu bara controlerað þetta. Þá sérðu bara ef það er spike milli 12 og 3 þá geturðu bara stýrt því með verðlagningunni á þjónustunni og bókunum fyrirfram, það er bara uppselt á einhverjum tíma. Það þarf stýringu. Það er vegna þess að það eru ákveðnir hagsmunir sem hafa ávinning af því að það sé ekki stýring þá hefur ekkert þokast neitt í því í 10 ár. (M3)


3. Ferðamenn framtíðarinnar

Viðmælendur voru ekki í neinum vafa að ferðamenn myndu koma aftur þegar ferðatakmörkunum yrði aflétt í heiminum. Þrír af hverjum fjórum svarendum í Mývatnssveit sögðust hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í heimabyggingu (mynd 14) og jókst tilhlökkunin marktækt ef svarendur störfuðu í ferðaþjónustu.

Allir viðmælendur voru sannfærðir um að ferðamenn myndu skila sér til Mývatnssveitar um leið og aðstæður til ferðalaga í heiminum yrðu einfaldari. Sumir hlökkuðu til, aðrir vildu hafa vaðið fyrir neðan sig og vonuðu að ferðamennskennt færi hægt af stað og að hraði vaxtarins, sem einkenndi áratuginn á undan, yrði hægar.

Auðvitað vildi maður sjá þá að einhverju leyti í sumar en ég vil sjá þá færri og hægar. [...] Ég myndi ekki vilja sjá strikið upp eins og þetta var. Ég vil sjá þetta rísa rólega og að menn reyni að nýta þetta og byggja sig upp rólega. (M6)


Ég held að við séum meðvituð um að vilja ekki fara aftur upp í fjöldann eins og hann var fyrir COVID. Það er líka spurning hvort fjöldinn kemur. (M8)



Mynd 14 Hlutfall svarenda sem hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur - allir staðir

Maður er aðeins farinn að hugsa aftur um ferðamenn en á sama tíma þá er maður ekki alveg tilbúinn að fá þá strax. Þá þarf maður einhverja aðlögun. Það væri fínt að þeir færu smám saman að koma. (M9)

Sumir veltu því fyrir sér hver staða Íslands verði í ferðamálum þegar landið verði svo til laust við COVID-19, öruggur áfangastaður. Það gæti orðið til að vekja athygli á landinu og laða ferðamenn til landsins. Fram komu áhyggjur af því að velgengni Íslands í að takast á við heimsfaraldurinn gæti valdið bakslagi og óttuðust sumir að ferðamenn myndu flykkjast til landsins hraðar en áður.



Mynd 15 Afstaða Mývetninga til fjölda ferðamanna að loknum heimsfaraldri

Rúmlega helmingur svarenda símakönnunarinnar í Mývatnssveit vildu fá færri erlenda ferðamenn á svæðið heldur en fyrir kórónuveirufaraldurinn (mynd 15). Einstaklingar sem störfuðu í ferðaþjónustu voru líklegri en aðrir hópar í Mývatnssveit til að vilja fá fleiri erlenda ferðamenn. Í ummælum viðmælenda í Mývatnssveit kom fram að fjöldi ferðamanna í Mývatnssveit hefði verið það mikill að lítið svigrúm væri til að fjölga þeim miðað við núverandi aðstæður. Auk þess kom fram hugmyndir um breyttar áherslur frá því að fá sem flesta ferðamenn breyttar yfir í lengri viðdvöl eins og fram hefur komið.


Skiptar skoðanir voru um hvort æskilegt væri að fjölga hópferðamönnum, þar með talið farþegum af skemmtiferðaskipum. Viðmælendur sáu ekki tækifæri í því að fá fleiri farþega af skemmtiskipum og fannst skömm af því að það fólk væri afgreitt of hratt og mögulega fyrir of lítinn hagnað.

Ég myndi vilja vera laus við skipakomurnar. Ég held að það myndi skipta gríðarlegu máli. Það er svona massatúrismi. [...] Fyrir utan hvað mér finnst hræðilegt að horfa upp á þetta aumingja fólk sem er rekið inn og út úr þessari rútu endalaust. (M10)

Ég held að það sé ekki neinum til hags að hafa þessi skemmtiferðaskip, því miður. Það má ekki kosta neitt að þjónusta þau og þau hafa engan tíma til að fá þjónustu. [...] Ég held að þetta sé ekki heldur góðir ferðamenn fyrir svæðið. (M5)

Tæplega 90% svarenda töldu að rými væri fyrir fleiri ferðamenn á veturna og um 75% gátu hugsað sér að fá fleiri íslenska ferðamenn á svæðið.

Á veturna voru íslenskir hópar að koma og ferðaþjónustan í Mývatnssveit hafði mikið upp úr hópunum. Jólahaðborðin og árshátíðarferðirnar og þannig þar sem margt fólk er saman. (M8)



Mynd 16 Viðhorf íbúa til áframhaldandi markaðssetningar heimabyggðar til að laða að fleiri ferðamenn - allir staðir

Í símakönnun kom fram eindreginn vilji íbúa á öllum rannsóknarstöðunum fjórum fyrir því að íslensk stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til þess að ferðast um eigið land (mynd 16). Almenn var litið á stuðning stjórnvalda við ferðapjónustuna jákvæðum augum, þar á meðal hvatningu stjórnvalda til ferðalaga innanlands.

Svo hafa Íslendingarnir margir hverjir gott af því að skoða landið sitt og uppgötva það að það er bara mjög margt í boði. (M7)

Rúm 60% svarenda í Mývatnssveit voru á því að þörf væri á áframhaldandi markaðssetningu heimabyggðarinnar til að laða að fleiri ferðamenn (mynd 17) Hlutfall þeirra sem svo sagði var langhæst á Ísafirði en lægst í 101 Reykjavík.

Viðmælendur í Mývatnssveit töldu að það þyrfti ekki að efla markaðssetningu svæðisins þar sem svæðið væri nú þegar mjög þekkt og hefði sterka ímynd. Sumir vildu jafnvel meina að markaðssetning væri óþörf þar sem náttúruöflin hefðu séð ferðapjónustunni fyrir kynningu sem væri nógu öflug til að vekja athygli og laða ferðamenn til landsins. Ekki var talið að kórónuveirufaraldurinn hefði haft áhrif á þetta og að bæði Ísland og Mývatnssveit væru áfram í nægilega sterkri stöðu


gagnvart ferðamönnum framtíðarinnar. Talið var að fjármunum, sem verja ætti til markaðssetningar á erlendum mörkuðum sem miðaði að því að auka eftirspurn eftir íslenski ferðapjónustu og bregðast við neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs, væri betur varið í aðra hluti sem kæmu ferðapjónustunni og áfangastöðum ferðamanna hér á landi til góða (sbr. umfjöllun um innviðauppbýgginu hér að ofan).

.Á meðan landið kaffærist ekki út af eldgosum þá held ég að við [íbúarnir] séum alltaf áhugaverð fyrir aðra að koma og skoða það. (M8)

Mývatnssveit þarf ekki að selja sig til að fá fleiri túrista. Fólkið kemur alltaf. Það er okkar að gera eitthvað við það. (M6)

Maður veit alveg að Mývatnssveit hefur forskot á önnur svæði norðan- og austanlands. Það er þessi náttúrulega markaðssetning. Fólk veit hvar Mývatn er og hvað það er. (M5)

Ég vil meina að þessi auglýsingaherferð sem á að fara í núna, Ísland saman í sókn, sé algjörlega óþörf. Bara sleppa henni. Ég hefði viljað sjá peningana sem eru að fara í það fara í innviðapælingar. (M4)



Mynd 17 Hlutfall íbúa sem taldi mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til að ferðast um eigið land

Í stað þess að sækja fram með markaðssetningu var bent á að verðmæti væru falin í því að minna íbúa á að ferðamenn séu gestir.

Ég held í alvöru talað að það skipti afskaplega miklu máli að menn tapi aldrei sýn á það að ferðamenn eru gestir. Það tíðkaðist á Íslandi að fólk gekk úr rúmi fyrir gestum. Ég held að mest á eftir náttúru landsins þá gætum við komið upp mestum verðmætum með því að efla hugarfar fólks gagnvart ferðaþjónustu og við missum aldrei sjónar af því að haga okkur sem gestgjafar en ekki bara peningaplokkarar. (M2)

Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu eftir COVID-19

Til að kanna nánar viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu í heimabyggðinni eftir að kórónuveirufaraldrinum lýkur var gerð sameiginleg þátta- og aðhvarfsgreining á gögnum símakönnunarinnar á öllum rannsóknastöðunum fjórum; þ.e. 101-Reykjavík, Mývatni, Höfn og Ísafirði. Spurningar sem voru í formi fullyrðinga og mældu viðhorf einstaklinga til ferðaþjónustu og ferðamanna í heimabyggð eftir COVID-19 lýkur voru þáttagreindar. Fullyrðingarnar voru allar á 5-punkta viðhorfskvarða þar sem gildið 1 táknaði mjög ósammála og gildið 5 táknaði mjög sammála. Til að kanna hvort forsendur væru fyrir þáttagreiningu var gert KMO-próf sem gaf niðurstöðuna 0,812. Fylgni var mæld með Bartlett's-prófi, p -gildi var 0,000 og var hún marktæk; því voru forsendur til staðar fyrir þáttagreiningu. Dregnir voru út 2 þættir sem höfðu eigið gildi yfir einum og skýrðu þessir þættir 58,3% af heildardreifingu svara. Notaður var hornréttur snúningur (Varimax with Kaiser Normalization). Í fyrri þáttinn hlóðust spurningar um viðhorf svarenda til fjölda ferðamanna að faraldrinum loknum. Í seinni þáttinn hlóðust spurningar um viðhorf til mikilvægis ferðaþjónustunnar. Í töflu 4 má sjá þær spurningar sem hlóðust á þættina og þáttahleðslur þeirra (e. *factor loadings*).

Tafla 4 Þættir og þáttahleðslur

Þættir		
Staðan eftir COVID-19	Viðhorf til fjölda ferðamanna	Viðhorf til mikilvægis ferðaþjónustu
Ég hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í mína heimabyggð	0,383	
Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn	0,745	
Ég vil sjá fleiri erlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn	0,731	
Ég vil sjá fleiri innlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn	0,662	
Það væri æskilegt að fá fleiri ferðamenn hingað á veturna	0,573	
COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðaþjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu		0,816
Það er mikilvægt fyrir mína heimabyggð að ferðaþjónustan nái fyrri styrk		0,742

Tafla 5 sýnir alfastuðla þáttanna en stuðullinn gefur til kynna hvert samræmið sé á milli svara einstaklinga við spurningunum í hvorum þætti.

Tafla 5 Alfastuðlar þáttanna

Þáttur	Alfastuðull
Viðhorf til fjölda ferðamanna	0,736
Viðhorf til mikilvægis ferðaþjónustu	0,605

Út frá þessum þáttum voru útbúnir mælikvarðar á grundvelli þáttanna. Þetta var gert með því að leggja saman spurningarnar sem hlóðust á hvern þátt og deila með fjölda þeirra. Mælikvarðarnir voru á bilinu 1-5 þar sem 1 táknaði þá sem höfðu mjög neikvæð viðhorf og 5 táknaði þá sem höfðu mjög jákvæð viðhorf. Tafla 6 sýnir lýsandi tölfræði fyrir þættina.

Tafla 6 Lýsandi tölfræði fyrir þættina

Þáttur	Fjöldi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Staðalfrávik
Viðhorf til fjölda ferðamanna	1166	1	5	3,717	0,779
Viðhorf til mikilvægis ferðabjónustu	1213	1	5	4,472	0,691

Meðaltal fyrir viðhorf til mikilvægis ferðabjónustunnar var nokkuð hátt og sýnir jákvæð viðhorf íbúa til mikilvægis ferðabjónustu að loknum heimsfaraldri. Meðaltal fyrir viðhorf íbúa til ferðamanna eftir COVID-19 var 3,7 sem einnig sýnir jákvæð viðhorf íbúa. Niðurstöðurnar sýna þó að íbúarnir voru jákvæðari gagnvart mikilvægi ferðabjónustu í heimabyggðinni en til fjölda ferðamanna eftir COVID-19.

Til að meta tengsl milli bakgrunnspátta og viðhorfa íbúa þegar öðrum breytum var haldið stöðugum var gerð línuleg aðhvarfsgreining á hverjum stað fyrir sig. Kannað var hvaða tengsl væru milli tiltekinna breyta á áhrifum á þættina þegar tekið var tillit til kyns, menntunar, aldurs, búsetu, lengd búsetu, stöðu á vinnumarkaði og hvort þeir störfuðu í ferðabjónustu. Í töflu 7 má sjá niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar fyrir Mývatnssveit á viðhorfum íbúa til fjölda ferðamanna og mikilvægis ferðabjónustu eftir COVID-19 en engin tengsl fundust milli kyns, menntunar, aldurs, lengd búsetu og stöðu á vinnumarkaði.

Í greiningunni fékk viðmiðunarhópurinn gildið 0 og var ANOVA-próf notað til að meta marktæk áhrif. Í töflunni má sjá að munur var á svörum viðmiðunarhópanna í Mývatnssveit. Mývetningar voru að jafnaði með herra meðaltal en íbúar í 101 Reykjavík á kvarða yfir viðhorf til fjölda ferðamanna. Meðaltal Mývetninga var

læggra en íbúa á Ísafirði. Það þýðir að íbúar í Mývatnssveit voru jákvæðari í viðhorfum til fjölda ferðamanna eftir COVID-19 en íbúar í miðborg Reykjavíkur en neikvæðari í viðhorfum en Ísfirðingar. Enginn marktækur munur var á viðhorfum Mývetninga íbúa á Höfn til fjölda ferðamanna eftir COVID-19. Meðaltal Ísfirðinga og íbúa í 101 Reykjavík á kvarða yfir viðhorf til mikilvægis ferðabjónustu var tiltölulega hátt en var þó marktækt herra hjá íbúum Hafnar og við Mývatn. Það þýðir að viðhorf íbúa við Mývatn og á Höfn til mikilvægis ferðabjónustu eftir COVID-19 voru marktækt jákvæðari en íbúa á Ísafirði og í 101 Reykjavík. Í Mývatnssveit var enginn munur á viðhorfum til fjölda ferðamanna og mikilvægis ferðabjónustu eftir COVID-19 eftir því hvort svarendur störfuðu við ferðabjónustu eða ekki.

Tafla 7 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á þáttum um endurreisn ferðabjónustunnar við Mývatn

Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðabjónustu eftir COVID-19*		
	Viðhorf til fjölda ferðamanna	Viðhorf til mikilvægis ferðabjónustu
Búseta (Mývatn=0)	3,680	4,651
101 Reykjavík	-0,250**	-0,322**
Ísafjörður	0,377**	-0,265**
Höfn	0,001	0,018
Starfar ekki í ferðabjónustu (Mýv.)=0	3,536	4,647
Starfar í ferðabjónustu (Mýv.)	0,368	0,939
*Kvarði frá 1-5; 1=mjög neikvæð viðhorf; 5=mjög jákvæð viðhorf		
**p>0,005		

SAMANTEKT

Á vaxtarskeiði ferðaþjónustunnar á Íslandi undanfarinn áratug færðist ferðaþjónusta í Mývatnssveit úr því að vera vertíðarvinna í heilsársatvinnugrein. Samfélagið óx og dafnaði, fjölbreytt störf urðu til og það var mikið að gera. Mývetningar voru almennt á því að ferðaþjónustan sé mjög mikilvæg fyrir samfélagið. Í símakönnun kom fram mikil ánægja með ferðaþjónustuna en hins vegar sýndu að það var ýmislegt ferðaþjónustunni tengt sem íbúar voru ekki ánægðir með og þarfnáðist betri úrlausnar. Stærstu vandamálin tengdust fjölda ferðamanna og umferð, auk uppbyggingar og viðhalds áfangastaða á svæðinu.

Fyrst um sinn voru Mývetningar bjartsýnir á að kórónuveirufaraldurinn yrði skammvinnur. Umferð um sveitina dróst hratt saman og ferðaþjónustufyrirtækin lokuðu eitt af öðru. Sumum fannst ekki óvenjulegt að loka fyrirtækjum tímabundið þar sem Mývetningar, einkum eldri kynslóðir, þekktu vel árstíðabundinn rekstur í ferðaþjónustu. Það kom þó fljótt í ljós að staða ferðaþjónustunnar í sveitinni var alvarleg. Atvinnuástandið varð skyndilega ótryggt og engin ný störf í boði fyrir þá sem misstu vinnuna. Allir viðmælendur þekktu einhverja sem höfðu orðið þurft/myndu þurfa að taka á sig skell. Sá skellur var ekki bara bundinn við ferðaþjónustuna heldur einnig aðrar atvinnugreinar, þar á meðal landbúnað. Um helmingur íbúa í Mývatnssveit taldi COVID-19-faraldurinn hafa haft neikvæð áhrif á tekjur þeirra eða fjölskyldna þeirra og var það mun hærra hlutfall en á hinum rannsóknarstöðunum þremur. Aðhvarfsgreining sýndi að áhrif faraldursins á tekjur einstaklinga sem störfuðu í ferðaþjónustu voru neikvæðari en á tekjur einstaklinga í öðrum atvinnugreinum.

Fækkun ferðamanna í sveitinni hafði mismunandi áhrif á íbúa. Sumir lýstu því að í kórónuveirufaraldrinum hefði losnað um uppsafnaða streitu sem þeir höfðu ekki verið meðvitaðir um áður. Sumir voru í spennufalli og voru hvíldinni fegnir. Sumum fannst ástandið svo fjarstæðukennt að erfitt var að lýsa upplifuninni. Símakönnun leiddi í ljós að meirihluta svarenda í Mývatnssveit fannst sveitin vera dauflægri og að neikvætt væri að erlendum ferðamönnum hefði fækkað.

Meirihluti svarenda símakönnunarinnar hafði fundið fyrir skertri þjónustu í heimabyggðinni vegna fækkunar ferðamanna. Jarðböðin lokuðu um tíma, það gerðu einnig veitingastaðir á svæðinu og vegna samkomutakmarkana féllu vinsælir viðburðir niður. Nafnabreyting á einu matvöruverslun svæðisins vakti reiði meðal íbúa, sem fannst eftir breytinguna þeir búa við hærra vöruverð og verra vöruúrval.

Mývetningar voru ekki neinum vafa um að kórónuveirufaraldurinn hefði undirstrikað mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið á svæðinu. Um 94% Mývetninga töldu að það væri mikilvægt fyrir heimabyggðina að ferðaþjónustan næði fyrri styrk að faraldri loknum. Faraldurinn hafði hins vegar leitt í ljós að ferðaþjónustan, undirstöðuatvinnugrein sveitarinnar, var berskjölduð gagnvart áföllum. Almennt var talið að staðan í Mývatnssveit hefði verið mun verri hefði efnahagsúrræða stjórnvalda vegna heimsfaraldursins ekki notið við. Margir höfðu áhyggjur af samfélaginu og var samúð með þeim íbúum sveitarinnar sem áttu mögulega allt sitt undir í ferðaþjónustu. Í viðtölum komu fram vonir íbúa um að ferðaþjónustan og atvinnulífið í sveitinni yrði fljót að taka við sér þegar ferðalög hæfust að nýju. Átta af hverjum tíu Mývetningum voru fylgjandi því að við endurreisn ferðaþjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður. Viðtölin staðfestu þetta en óljóst þótti hvort markvisst væri unnið að eflingu sjálfbærni ferðaþjónustu en viðmælendur voru sannfærðir um að innviðauppbygging væri hluti af lausninni. Kallað var eftir langtímahugsun við skipulagningu innviða og uppbyggingu áfangastaða í sveitinni. Einnig var almennt kallað eftir ákvörðunum um hvaða staðir í sveitinni skulu vera ferðamannastaðir.

Mývetningar voru jákvæðir í viðhorfum gagnvart ferðamönnum eftir COVID-19. Jafnframt voru Mývetningar jákvæðari í viðhorfum til mikilvægis ferðaþjónustu eftir COVID-19 en íbúar á Ísafirði og í 101 Reykjavík. Meirihluti Mývetninga sagðist hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur. Margir viðmælendur voru sama sinnis en vildu fara hægt í sakirnar. Óttuðust þeir að vöxtur ferðamenskunnar verði álíka hraður, jafnvel enn hraðari, en hann var á vaxtarskeiðinu. Viðmælendur sáu ekki tækifæri í því að fá fleiri farþega af skemmtiskipum og fannst skömm af því að það

fólk væri afgreitt of hratt og mögulega fyrir of lítinn hagnað. Lítil áhugi var á því að fá fleiri erlenda ferðamenn til Mývatnssveitar heldur en fyrir faraldurinn. Í viðtölunum kom fram að ein stærsta áskorun ferðaþjónustunnar í Mývatnssveit væri að hægja á ferðalagi ferðamanna og stuðla að lengri dvalartíma ferðamanna á svæðinu. Kallað var eftir aukinni áherslu á nýsköpun og vöruþróun sem byggði á náttúrufegurð og útivist allan ársins hring.

Einnig komu fram efasemdir um frekari markaðssetningu Mývatnssveitar þar sem ekki var talið að kórónuveirufaraldurinn hefði neikvæð áhrif á eftirspurn erlendra ferðamanna. Talið var að bæði Ísland og Mývatnssveit yrðu áfram í nægilega sterkri stöðu gagnvart ferðamönnum framtíðarinnar.

UMRÆÐUR OG LOKAORÐ – ALLIR STAÐIR

Áhrif fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins vorið 2020 voru mismunandi á stöðunum fjórum. Á Ísafirði var staða ferðaþjónustunnar ekki ofarlega í huga íbúanna; fækkun ferðamanna vakti raunar litla eftirtekt þar sem fyrsta bylgja kom upp á tíma þegar ferðamenn eru vanalega fáir á Vestfjörðum. Í miðborg Reykjavíkur, fjölmennasta ferðamannastað landsins, komu áhrifin hratt fram þegar ferðamönnum fækkaði skyndilega og veitinga- og skemmtistöðum var lokað. Í Mývatnssveit, þar sem ferðaþjónustan hafði á fáum árum orðið að undirstöðuáttvinnugrein sveitarinnar, dróst umferð hratt saman og fyrirtækjum var lokað. Það þótti þó í fyrstu ekki óvenjulegt að loka fyrirtækjum tímabundið þar sem Mývetningar voru vel kunnugir ástríðabundnum rekstri í ferðaþjónustu. Á Höfn, þar sem vetrarferðaþjónusta hafði blómstrað, var íshellaferðatímabilið í fullum gangi og bundu margir vonir við að faraldurinn yrði skammvinnur.

Fækkun ferðamanna hafði mismunandi áhrif á íbúana. Í 101 Reykjavík fundu sumir íbúar óvænta en kærkomna hvíld og nýtt jafnvægi. Aðrir fundu fyrir tómleika. Í Mývatnssveit var upplifuninni af brotthvarfi ferðamanna lýst sem fjarstæðukenndri. Á sama tíma var hluti íbúa í spennufalli og á Höfn þótti eftirsjá af lífinu sem fylgdi ferðamönnum en sumir íbúar áttuðu sig ekki á álagi fyrir en ferðamönnum fækkaði með þeim hætti sem varð. Á þessum þremur stöðum töluðu sumir íbúar um að það hafi fyrst runnið upp fyrir þeim hversu mikið álagið hafi verið þegar ferðamönnum fækkaði með þeim hætti sem varð. Á Ísafirði komu áhrif fækkunar á íbúa ekki fram fyrir en annars vegar um páskana þegar Skíðavikan og tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður féllu niður og hins vegar þegar skemmtiferðaskipin komu ekki til Ísafjarðar um sumarið 2020. Á öllum stöðum kom fram að tímabundin hvíld frá ferðamönnum hefði verið kærkomin en heimabyggðin hefði verið dauflægri og að neikvætt væri að erlendum ferðamönnum hefði fækkað.

Á öllum rannsóknarstöðunum var talið að COVID-19 hefði undirstrikað mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið á svæðunum. Að mati íbúa á Höfn og í Mývatnssveit lá mikilvægið í augum uppi þar sem staða ferðaþjónustunnar var talin alvarleg. Á Ísafirði var íbúum ljóst að Ísafjarðarhöfn yrði af verulegum tekjum þar sem

skemmtiferðaskipin komu ekki. Í 101 Reykjavík sögðust sumir íbúar hvorki hafa áttað sig á mikilvægi né umfangi ferðaþjónustunnar í miðborginni fyrir en í faraldrinum.

Enginn vafi var á mikilvægi þess að ferðaþjónustan næði fyrri styrk að faraldri loknum. Meirihluti íbúa á öllum stöðum var fylgjandi því að við endurreisn ferðaþjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður. Í viðtölum við íbúa kom fram að umræða um sjálfbærni væri nokkuð flókin og þótti óljóst hvort markvisst væri unnið að eflingu sjálfbærni í ferðaþjónustu. Í Mývatnssveit var kallað eftir langtímahugsun við skipulagningu innviða og uppbyggingu áfangastaða í sveitinni. Einnig var almennt kallað eftir ákvörðunum um hvaða staðir í sveitinni ættu að vera ferðamannastaðir. Á Höfn var áhersla lögð á eflingu umferðaröryggis og úrbætur á vegakerfi til að anna miklum umferðarþunga og oft ógætilegum akstri. Kallað var eftir langtímahugsun í skipulagi og að hugað yrði að þörfum íbúa til að finna jafnvægi, einkum ef unnið yrði að því að fjölga ferðamönnum. Auk þess var kallað eftir því að rekstur og skipulag ferðaþjónustu yrði drifin af ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi. Á Ísafirði þótti upplifun af ferðaþjónustu vegna skemmtiferðaskipa fyrir faraldurinn og upplifun af annarri ferðaþjónustu vera of ólík til að hægt væri að ræða hana undir sömu formerkjum. Í viðtölum kom fram efi um að Ísfirðingar væru almennt reiðubúnir að fara aftur í þær aðstæður sem voru í bænum fyrir faraldurinn á stóru skipadögum og voru orðnar þreytandi. Íbúunum þar var ekki ljóst hvernig stýra mætti skipakomum ef hagsmunir hafnar og íbúa færu mögulega ekki saman. Í miðborg Reykjavíkur var mikil áhersla lögð á að nærgætni við íbúana yrði höfð að leiðarljósi við endurreisn ferðaþjónustunnar í miðborginni enda vissu þeir vel að miðborg án íbúa væri ekki aðlaðandi fyrir ferðaþjónustuna.

Þáttgreining sýndi að viðhorf íbúa til ferðamanna eftir COVID-19 voru jákvæð á öllum stöðum en þó var marktækur munur á svörum eftir búsetu. Þannig reyndust íbúar á Ísafirði vera marktækt jákvæðastir í viðhorfum til ferðamanna eftir COVID-19 en íbúar í 101 Reykjavík voru minna jákvæðir. Á öllum stöðum kom fram að íbúar sökuðu ferðamanna og að þeir hlökkuðu til að fá erlenda ferðamenn á

staðina en alls staðar nema á Ísafirði komu fram efasemdir um frekari markaðssetningu staðanna til að laða að fleiri ferðamenn. Þrátt fyrir það voru einnig efasemdir um að íbúar væru reiðubúnir að fá fleiri ferðamenn heldur en fyrir faraldurinn. Fyrri kannanir á viðhorfum Íslendinga hafa gefið til kynna að fjöldi ferðamanna í heimabyggð hafi almennt ekki verið áhyggjuefni þar sem meirihluta landsmanna hefur fundist fjöldinn vera hæfilegur (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Nú virðast íbúar á stöðunum fjórum hins vegar vilja stíga aðeins á bremsuna varðandi frekari fjölgun erlendra ferðamanna og voru ekki samþykkir fjölgun í þeirri mynd og við þær aðstæður sem hún var á árunum fyrir faraldurinn. Öðru máli gegndi um fjölgun innlendra ferðamanna og sömuleiðis sáu menn tækifæri í fjölgun vetrarferðamanna.

Niðurstöður símakönnunar á stöðunum fjórum sýna ívið jákvæðari viðhorf íbúa til mikilvægis ferðapjónustu en til fjölda ferðamanna eftir COVID-19. Fyrri rannsóknir á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu hafa sýnt að hlutfall landsmanna sem hafa verið neikvæðir í viðhorfum gagnvart ferðamönnum og ferðapjónustu hefur verið lágt. Þar sést að óánægja með ferðapjónustu hafi m.a. beinst að ferðapjónustuaðilum sem þurfi að vanda betur til verka í sinni starfsemi og að sveitarfélög og ríki þurfi að standa betur í móttöku ferðamanna, stýringu umferðar og upplýsingagjöf (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Íbúar hafa þannig gagnrýnt skipulags- og eftirlitsaðila, ferðapjónustufyrirtæki, verslanir og stjórnvöld fyrir að standa sig ekki í stykkinu (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019). Það er í raun ekki margt sem skýrir þessa miklu jákvæðni í rannsókninni núna en í viðtölunum gætu falist hugsanlegar skýringar. Á öllum rannsóknarsvæðunum kom fram ríkur vilji fyrir því að ferðapjónustan næði fyrri styrk að faraldrinum loknum en á sama tíma töluðu íbúar um að pásan í ferðapjónustunni sem varð vegna COVID-19 hefði gefið von um að hægt væri að gera breytingar. Þannig hefði myndast rými til endurskipulagningar og ráðast í breytingar sem íbúarnir töldu vera brýnar til að efla sjálfbærni greinarinnar og auka ánægju íbúa. Stundum var um að ræða

staðbundnar breytingar í einum hluta samfélagsins sem íbúar töldu að myndi skila sér margfalt tilbaka til íbúanna, eins og breytingar í matvöruverslun á Höfn og í Mývatnssveit og breytingar í verslunarúrvali í 101 Reykjavík. Stundum var það uppbygging og viðhald innviða á ferðamannastöðum og á vegakerfi sem íbúum þótti skorta eða var ekki í samræmi við vöxt ferðamenskunnar fyrir faraldurinn sbr. Mývatnssveit, Höfn og Ísafjörð. Í öðrum tilfellum var kallað eftir endurhugsun í skipulagsmálum og stefnumörkun sveitarfélaga varðandi ferðapjónustu sem tæki betur mið af þörfum íbúa sbr. 101 Reykjavík, Ísafjörð og Mývatnssveit. Á öllum stöðum var kallað eftir ábyrgari ferðapjónustu sem tæki ekki bara mið af hagnaði heldur væri drifin af ábyrgð gagnvart nærsamfélagi, ferðamönnum og umhverfi.

HEIMILDASKRÁ

- Byggðastofnun. (2020, 12 maí). *Áhrif hruns ferðapjónustu vegna Covid-19 á sveitarfélögin. Minnisblað til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis*. Sótt 12. september 2020 af, <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Covid19%20minnisblad.pdf>.
- Edward H. Huijbens og Kristinn Berg Gunnarsson. (2014). *Skemmtiferðaskip við Ísland. Úttekt á áhrifum*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). *Greining á áhrifum ferðapjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðapjónustu 2018 – Stykkishólmur*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020a). *Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020b). *Viðhorf íbúa á Norðurlandi til ferðamanna og ferðapjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Ferðamálastofa. (2020). *Rannsóknaráætlun 2020-2022. Áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í ferðapjónustu*. Ferðamálastofa. Sótt 28. ágúst 2020 af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/rannsoknaraaetlun-2020-2022-loka.pdf.
- Hagstofa Íslands. (2021a). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2021 - Sveitarfélagaskipan hvers árs [tálnasafn]. Sótt 18. júní 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=a4f6f3f6-097c-4b09-a394-35edd162efba.
- Hagstofa Íslands. (2021b). Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 1. janúar 2001-2021 [tálnasafn]. Sótt 18. júní 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_Byggdakjarnar/MAN030101.px.
- Ivanova, M., Ivanov, I.K og Ivanov, S. (2020). Travel behaviour after the pandemic: the case of Bulgaria. *Anatolia*, DOI: 10.1080/13032917.2020.1818267.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Markaðsstofa Norðurlands. (2018). *Áfangastaðaáætlun Norðurlands – okkar áfangastaður*. Sótt 30. ágúst 2021 af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/dmp_skyrsla_2018_webpdf.
- Markaðsstofa Norðurlands. (2021). *Áfangastaðaáætlun Norðurlands – Okkar áfangastaður*. Sótt 30. ágúst 2021 af <https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/afangastadaaetlun-2021-2023.pdf>.
- Morgunblaðið. (1995, 3. ágúst). *Vörður endurhlaðnar á Mývatnsöræfum*. Sótt 28. ágúst 2021 af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/215523/>.
- Oddný Þóra Óladóttir. (2020). *Erlendir ferðamenn á Íslandi 2019: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Óðinn Svan Óðinsson. (2020, 28. febrúar). *COVID-19 farin að hafa áhrif á ferðapjónustu við Mývatn*. RÚV. <https://www.ruv.is/frett/covid-19-farin-ad-hafa-ahrif-a-ferdathjonustu-vid-myvatn>.
- Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2016). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 393-402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Skútustaðahreppur. (2017). *Höfði*. Sótt 30. ágúst 2021 af <http://www.skutustadahreppur.is/v/19670>.
- Skútustaðahreppur. (2020). *Skútustaðahreppur*. Sótt 18. júní 2021 af <http://www.skutustadahreppur.is/v/19493>.
- Sóley Jónasdóttir. (2017). *Hringvegurinn – Áhugaverðir staðir*. Reykjavík: Vegagerðin.
- Stjórnarráð Íslands. (2020, 18. ágúst). *Sex sveitarfélög fá stuðning vegna hruns í ferðaþjónustu*. Stjórnarráð Íslands. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/08/18/Sex-sveitarfelog-fa-studning-vegna-hruns-i-ferdathjonustu/>.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Leiðandi í sjálfbærri þróun – Íslensk ferðaþjónusta til 2030*. Sótt 2. október 2020 af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=d99f362e-5adb-428f-8c1b-d06cce7d6d3c>.
- Veal, A.J. (2006). *Research Methods for Leisure and Tourism. A Practical Guide*. Essex: Pearson Education Limited.
- Vegagerðin. (2021). *16 lykilteljarar á Hringvegi 2021*. Sótt 26. ágúst 2021 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Hringvegur_2021/\\$file/Hringvegur-2021_netid.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Hringvegur_2021/$file/Hringvegur-2021_netid.pdf).
- Zenker, S. og Kock, F. (2020). The coronavirus pandemic – a critical discussion of a tourism research agenda. *Tourism Management*, 81. DOI: 10.1016/j.tourman.2020.104164.
- Þórný Barðadóttir. (2020). *Erlendir ferðamenn í Mývatnssveit sumarið 2019. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Sótt 28. ágúst 2021 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/ferdamenn2019/myvatnssveit/myvatnssveit-2019.pdf>.

VIÐAUKI 1

SPURNINGALISTI FYRIR SÍMAKÖNNUN

Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu á tímum COVID-19 – spurningalisti fyrir símakönnun

1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðaþjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög mikilvæga, frekar mikilvæga – hvorki mikilvæga né lítilvæga (hlutlaus) – frekar lítilvæga – mjög lítilvæga - veit ekki, vil ekki svara)
2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðaþjónustuna í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög ánægður, frekar ánægður – hvorki ánægður né óánægður (hlutlaus) – frekar óánægður – mjög óánægður - veit ekki, vil ekki svara)
3. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðaþjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög mikilvæga, frekar mikilvæga – hvorki mikilvæga né lítilvæga (hlutlaus) – frekar lítilvæga – mjög lítilvæga - veit ekki, vil ekki svara)
4. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðaþjónustuna í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög ánægður, frekar ánægður – hvorki ánægður né óánægður (hlutlaus) – frekar óánægður – mjög óánægður - veit ekki, vil ekki svara)
3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þessar fjölskyldu? (svarmöguleikar: Mjög jákvæð, frekar jákvæð, hvorki jákvæð né neikvæð (engin áhrif), frekar neikvæð, mjög neikvæð, - veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um ferðamennsku á tímum Covid 19

4. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðaþjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
5. Atvinnuleysi í ferðaþjónustu í COVID-19-faraldrinum hefur bitnað meira á erlendum starfsmönnum en innlendum á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
6. Vegna fækkunar erlendra ferðamanna árið 2020 er heimabyggðin mín dauðlegri en áður [ef þarf: ekki eins lífleg og hún var] (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
7. Mér finnst jákvætt að erlendum ferðamönnum hafi fækkað umtalsvert hér á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
8. Ég upplifði skerta þjónustu í minni heimabyggð vegna fækkunar ferðamanna (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
9. Sumarið 2020 voru íslenskir ferðamenn meira áberandi hér á svæðinu en oft áður (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar sem snúa að því sem er framundan þegar COVID-19-faraldrinum lýkur

10. Það er mikilvægt fyrir mína heimabyggð að ferðaþjónustan nái fyrri styrk (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
11. Ég hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í mína heimabyggð (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
12. Við endurreisn ferðaþjónustunnar í minni heimabyggð þarf að leggja meiri áherslu á sjálfbærni en áður. [Ef þarf: Með sjálfbærni er átt við getu til að varðveita náttúru, umhverfi, menningararf og íbúa] (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
13. Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
14. Ég vil sjá fleiri erlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

15. Ég vil sjá fleiri innlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
16. Mér finnst að það eigi að draga úr komum hópferðamanna í mína heimabyggð, þar með töldum skemmtiskipafarþegum. (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
17. Það væri æskilegt að fá fleiri ferðamenn hingað á veturna (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um viðbragð stjórnvalda

18. Mér finnst mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram stuðningi við ferðaþjónustuna með mótvægisáðgerðum til þess að draga úr áhrifum COVID-19 (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
19. Mér finnst stjórnvöld hafa gengið of hart fram í takmörkunum á landamærum vegna Covid-19 (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
20. Það er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til þess að ferðast um eigið land (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
21. Starfar þú við ferðaþjónustu?
 - a. Já
 - b. Nei >> Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?
 Já
 Nei >> Af hverju ekki?(Stutt svar) _____
 98 Veit ekki
 99 Vil ekki svara
- 98 Veit ekki
- 99 Vil ekki svara
22. Hvað hefur þú búið lengi þar sem þú býrð nú (þ.e. í sama póstnúmeri)?
 - a. 5 ár eða skemur
 - b. 6-10 ár
 - c. 11-20 ár
 - d. 21-30 ár
 - e. Lengur en 30 ár
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
23. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?
 - a. Grunnskólanám eða minna (t.d. *grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf*)
 - b. Stúdentspróf eða iðnnám
 - c. Annað starfsnám
 - d. Háskólapróf
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
24. Hver er staða þín á vinnumarkaði?
 - a. Í launuðu starfi
 - b. Sjálfstætt starfandi
 - c. Atvinnurekandi
 - d. Í námi
 - e. Á eftirlaunum
 - f. Öryrki
 - g. Í atvinnuleit
 - h. Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi
 - i. Heimavinnandi
 - j. Annað

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

26. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri um ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? [Stutt svar] _____

27. Er eitthvað að lokum sem þú vilt nefna varðandi áhrif Covid-19-faraldursins á þitt samfélag sem þér finnst ekki að hafa komið fram í þessari könnun? [Stutt svar] _____

Upplýsingar sem fást með þjóðskrárártakinu og er ekki spurt um

28. Kyn

a. Karl

b. Kona

29. Aldur (fæðingarár)

30. Póstnúmer

VIÐAUKI 2

NIÐURSTÖÐUR SÍMAKÖNNUNAR
TÍÐNITÖFLUR OG BAKGRUNNSGREINING

Viðauki 2 Niðurstöður símakönnunar í Mývatnssveit - Tíðnitöflur og bakgrunnsgreining

Spurning 1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðapjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?

		Hvorki mikilvæga né					Fjöldi		Meðaltal
		Mjög lítilvæga	Frekar lítilvæga	lítilvæga (hlutlaus)	Frekar mikilvæga	Mjög mikilvæga	(með vigt)	Fjöldi	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,0%	0,0%	1,5%	8,7%	89,8%	115	126	4,9
Kyn	Karl	0,0%	0,0%	1,6%	9,9%	88,6%	56	61	4,9
	Kona	0,0%	0,0%	1,5%	7,6%	91,0%	59	65	4,9
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	0,0%	0,0%	6,7%	93,3%	16	15	4,9
	30 - 44 ára	0,0%	0,0%	3,0%	6,1%	90,9%	29	33	4,9
	45 - 59 ára	0,0%	0,0%	0,0%	9,7%	90,3%	29	31	4,9
	60 ára og eldri	0,0%	0,0%	2,1%	10,6%	87,2%	41	47	4,9
Menntun	Grunnskólanám eða minna	0,0%	0,0%	3,7%	8,1%	88,3%	24	27	4,8
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	0,0%	1,9%	9,9%	88,2%	45	49	4,9
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	0,0%	17,9%	82,1%	10	11	4,8
	Háskólapróf	0,0%	0,0%	0,0%	4,9%	95,1%	36	39	5,0
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	18	19	5,0
	6-10 ár	0,0%	0,0%	0,0%	8,2%	91,8%	11	12	4,9
	11-20 ár	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	10	11	5,0
	21-30 ár	0,0%	0,0%	0,0%	9,1%	90,9%	21	22	4,9
	Lengur en 30 ár	0,0%	0,0%	3,2%	13,0%	83,8%	55	62	4,8
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,0%	0,0%	1,5%	7,8%	90,6%	57	63	4,9
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	0,0%	0,0%	9,3%	90,7%	28	31	4,9
	Í námi	0,0%	0,0%	0,0%	14,7%	85,3%	7	7	4,9
	Á eftirlaunum	0,0%	0,0%	7,7%	0,0%	92,3%	11	13	4,8
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	0,0%	0,0%	0,0%	6,2%	93,8%	43	48	4,9
	Nei	0,0%	0,0%	2,4%	10,2%	87,4%	72	78	4,8

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðapjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?

		Hvorki mikilvæga né					Fjöldi		Meðaltal
		Mjög lítilvæga	Frekar lítilvæga	lítilvæga (hlutlaus)	Frekar mikilvæga	Mjög mikilvæga	(með vigt)	Fjöldi	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,6%	1,1%	4,5%	29,4%	64,4%	1376	1235	4,6
Búseta ***	Reykjavík (101)	0,4%	1,4%	5,5%	33,1%	59,6%	525	399	4,5
	Ísafjörður (400)	1,3%	1,7%	6,1%	38,3%	52,7%	463	380	4,4
	Mývatn (660)	0,0%	0,0%	1,5%	8,7%	89,8%	115	126	4,9
	Höfn (780)	0,0%	0,0%	1,1%	15,9%	83,0%	273	330	4,8

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 1. Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Mjög lítilvæga	0	0,0%	0,0%
Frekar lítilvæga	0	0,0%	0,0%
Hvorki mikilvæga né lítilvæga	2	1,6%	1,6%
Frekar mikilvæga	11	8,7%	8,7%
Mjög mikilvæga	113	89,7%	89,7%
Gild svör	126	100,0%	100,0%
Gildir svarendur	126	100,0%	
Veit ekki	0	0,0%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	126	100,0%	

Spurning 2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðapjónustuna í þinni heimabyggð?

		Hvorki ánægður né							
		Mjög óánægður	Frekar óánægður	Óánægður (hlutlaus)	Frekar ánægður	Mjög ánægður	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,9%	6,6%	13,6%	47,5%	31,3%	114	125	4,0
Kyn	Karl	2,0%	10,5%	13,0%	47,7%	26,8%	55	60	3,9
	Kona	0,0%	3,0%	14,2%	47,4%	35,5%	59	65	4,2
Aldur	18 - 29 ára	6,7%	13,3%	13,3%	33,3%	33,3%	16	15	3,7
	30 - 44 ára	0,0%	3,0%	9,1%	51,5%	36,4%	29	33	4,2
	45 - 59 ára	0,0%	9,7%	16,1%	41,9%	32,3%	29	31	4,0
	60 ára og eldri	0,0%	4,3%	15,2%	54,3%	26,1%	40	46	4,0
Menntun	Grunnskólanám eða minna	4,5%	3,7%	7,4%	58,5%	25,9%	24	27	4,0
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	8,7%	20,0%	45,1%	26,2%	45	49	3,9
	Annað starfsnám	0,0%	10,1%	19,7%	38,8%	31,4%	9	10	3,9
	Háskólapróf	0,0%	5,0%	8,1%	45,5%	41,4%	36	39	4,2
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	0,0%	26,3%	27,3%	46,4%	18	19	4,2
	6-10 ár	0,0%	17,1%	16,1%	49,7%	17,1%	11	12	3,7
	11-20 ár	0,0%	0,0%	28,6%	35,5%	35,9%	10	11	4,1
	21-30 ár	5,0%	10,1%	8,2%	36,0%	40,8%	21	22	4,0
	Lengur en 30 ár	0,0%	6,6%	8,3%	60,5%	24,6%	54	61	4,0
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,0%	6,4%	13,1%	49,9%	30,6%	57	62	4,0
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	7,0%	15,5%	44,0%	33,5%	28	31	4,0
	Í námi	14,7%	14,7%	26,7%	29,3%	14,7%	7	7	3,1
	Á eftirlaunum	0,0%	7,7%	7,7%	53,8%	30,8%	11	13	4,1
	Annað	0,0%	0,0%	9,4%	45,8%	44,8%	10	11	4,4
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	0,0%	4,2%	10,1%	54,4%	31,3%	43	48	4,1
	Nei	1,5%	8,1%	15,7%	43,4%	31,3%	71	77	3,9

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðapjónustuna í þinni heimabyggð?

		Hvorki ánægður né							
		Mjög óánægður	Frekar óánægður	Óánægður (hlutlaus)	Frekar ánægður	Mjög ánægður	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,2%	4,8%	16,2%	48,0%	29,7%	1334	1200	4,0
Búseta ***	Reykjavík (101)	2,0%	8,0%	25,2%	43,2%	21,6%	498	376	3,7
	Ísafjörður (400)	0,4%	2,4%	11,1%	57,4%	28,8%	451	371	4,1
	Mývatn (660)	0,9%	6,6%	13,6%	47,5%	31,3%	114	125	4,0
	Höfn (780)	1,2%	2,2%	9,3%	41,5%	45,7%	271	328	4,3

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 2. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög óánægður	1	0,8%	0,8%
Frekar óánægður	8	6,3%	6,4%
Hvorki ánægður né óánægður	17	13,5%	13,6%
Frekar ánægður	60	47,6%	48,0%
Mjög ánægður	39	31,0%	31,2%
Gíld svör	125	99,2%	100,0%
Gildir svarendur	125	99,2%	
Veit ekki	1	0,8%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	126	100,0%	

Spurning 3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þinnar fjölskyldu?

		Hvorki jákvæð né neikvæð							Meðaltal	
		Mjög neikvæð	Frekar neikvæð	neikvæð (hlutlaus)	Frekar jákvæð	Mjög jákvæð	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi		
		%	%	%	%	%	N	N		
	Fjöldi	22,7%	22,3%	53,2%	1,7%	0,0%	115	126	2,3	
Kyn	Karl	29,2%	19,5%	47,8%	3,5%	0,0%	56	61	2,3	
	Kona	16,7%	24,9%	58,4%	0,0%	0,0%	59	65	2,4	
Aldur	18 - 29 ára	13,3%	26,7%	53,3%	6,7%	0,0%	16	15	2,5	
	30 - 44 ára	21,2%	24,2%	51,5%	3,0%	0,0%	29	33	2,4	
	45 - 59 ára	22,6%	19,4%	58,1%	0,0%	0,0%	29	31	2,4	
	60 ára og eldri	27,7%	21,3%	51,1%	0,0%	0,0%	41	47	2,2	
Menntun	Grunnskólanám eða minna	21,9%	14,9%	58,7%	4,5%	0,0%	24	27	2,5	
	Stúdentspróf eða iðnnám	34,4%	16,1%	49,5%	0,0%	0,0%	45	49	2,2	
	Annað starfsnám	17,5%	17,5%	65,0%	0,0%	0,0%	10	11	2,5	
	Háskólapróf	10,0%	36,5%	51,0%	2,5%	0,0%	36	39	2,5	
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	15,0%	15,0%	65,0%	5,0%	0,0%	18	19	2,6	
	6-10 ár	25,1%	16,7%	58,2%	0,0%	0,0%	11	12	2,3	
	11-20 ár	35,4%	26,7%	37,9%	0,0%	0,0%	10	11	2,0	
	21-30 ár	18,4%	28,3%	48,2%	5,0%	0,0%	21	22	2,4	
	Lengur en 30 ár	24,1%	22,6%	53,3%	0,0%	0,0%	55	62	2,3	
Staða á vinnumarkaði ***	Í launuðu starfi	8,1%	22,4%	69,5%	0,0%	0,0%	57	63	2,6	
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	50,6%	29,8%	16,5%	3,1%	0,0%	28	31	1,7	
	Í námi	26,7%	0,0%	58,7%	14,7%	0,0%	7	7	2,6	
	Á eftirlaunum	7,7%	30,8%	61,5%	0,0%	0,0%	11	13	2,5	
	Annað	45,8%	9,0%	45,2%	0,0%	0,0%	10	11	2,0	
Starfar þú við ferðaþjónustu? ***	Já	52,2%	28,7%	19,1%	0,0%	0,0%	43	48	1,7	
	Nei	5,0%	18,4%	73,9%	2,7%	0,0%	72	78	2,7	

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 3. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svára
Mjög neikvæð	29	23,0%	23,0%
Frekar neikvæð	28	22,2%	22,2%
Hvorki jákvæð né neikvæð	67	53,2%	53,2%
Frekar jákvæð	2	1,6%	1,6%
Mjög jákvæð	0	0,0%	0,0%
Gild svör	126	100,0%	100,0%
<hr/>			
Gildir svarendur	126	100,0%	
Veit ekki	0	0,0%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	126	100,0%	

Spurning 3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þinnar fjölskyldu?

		Hvorki jákvæð né neikvæð							Meðaltal	
		Mjög neikvæð	Frekar neikvæð	neikvæð (hlutlaus)	Frekar jákvæð	Mjög jákvæð	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi		
		%	%	%	%	%	N	N		
	Fjöldi	12,1%	19,2%	65,4%	2,2%	1,2%	1379	1235	2,6	
Búseta ***	Reykjavík (101)	13,5%	23,2%	59,1%	2,1%	2,0%	530	402	2,6	
	Ísafjörður (400)	5,9%	14,5%	75,9%	3,3%	0,4%	465	382	2,8	
	Mývatn (660)	22,7%	22,3%	53,2%	1,7%	0,0%	115	126	2,3	
	Höfn (780)	15,3%	18,1%	64,7%	0,7%	1,2%	269	325	2,5	

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_a. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðapjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu

		Mjög	Frekar	Frekar	Mjög	Fjöldi	Fjöldi	Meðaltal	
		ósammála	ósammála	Hvorki né	sammála	sammála			(með vigt)
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,8%	2,3%	0,8%	22,4%	73,8%	115	126	4,7
Kyn	Karl	1,6%	1,6%	0,0%	23,9%	72,9%	56	61	4,6
	Kona	0,0%	3,0%	1,5%	20,9%	74,7%	59	65	4,7
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	0,0%	0,0%	26,7%	73,3%	16	15	4,7
	30 - 44 ára	3,0%	6,1%	0,0%	9,1%	81,8%	29	33	4,6
	45 - 59 ára	0,0%	0,0%	0,0%	25,8%	74,2%	29	31	4,7
	60 ára og eldri	0,0%	2,1%	2,1%	27,7%	68,1%	41	47	4,6
Menntun	Grunnskólanám eða minna	0,0%	3,7%	0,0%	18,5%	77,8%	24	27	4,7
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	1,9%	1,9%	32,4%	63,7%	45	49	4,6
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	0,0%	26,6%	73,4%	10	11	4,7
	Háskólapróf	2,5%	2,5%	0,0%	11,0%	84,0%	36	39	4,7
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	5,0%	5,0%	0,0%	16,4%	73,7%	18	19	4,5
	6-10 ár	0,0%	8,2%	8,1%	0,0%	83,8%	11	12	4,6
	11-20 ár	0,0%	0,0%	0,0%	28,6%	71,4%	10	11	4,7
	21-30 ár	0,0%	0,0%	0,0%	10,1%	89,9%	21	22	4,9
	Lengur en 30 ár	0,0%	1,6%	0,0%	32,3%	66,1%	55	62	4,6
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,0%	1,5%	1,5%	16,4%	80,5%	57	63	4,8
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	3,1%	0,0%	0,0%	28,3%	68,5%	28	31	4,6
	Í námi	0,0%	0,0%	0,0%	41,3%	58,7%	7	7	4,6
	Á eftirlaunum	0,0%	7,7%	0,0%	23,1%	69,2%	11	13	4,5
	Annað	0,0%	9,0%	0,0%	17,9%	73,1%	10	11	4,6
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	0,0%	4,1%	0,0%	22,9%	73,1%	43	48	4,6
	Nei	1,2%	1,2%	1,2%	22,0%	74,3%	72	78	4,7

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_a. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðapjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu

		Mjög	Frekar	Frekar	Mjög	Fjöldi	Fjöldi	Meðaltal	
		ósammála	ósammála	Hvorki né	sammála	sammála			(með vigt)
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,0%	3,6%	5,4%	34,8%	55,2%	1355	1219	4,4
Búseta ***	Reykjavík (101)	1,4%	2,2%	5,5%	35,3%	55,7%	520	395	4,4
	Ísafjörður (400)	1,2%	6,9%	8,3%	41,2%	42,3%	448	369	4,2
	Mývatn (660)	0,8%	2,3%	0,8%	22,4%	73,8%	115	126	4,7
	Höfn (780)	0,0%	1,4%	2,3%	28,5%	67,8%	272	329	4,6

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_a. Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	1	0,8%	0,8%
Frekar ósammála	3	2,4%	2,4%
Hvorki né	1	0,8%	0,8%
Frekar sammála	28	22,2%	22,2%
Mjög sammála	93	73,8%	73,8%
Gild svör	126	100,0%	100,0%
Gildir svarendur	126	100,0%	
Veit ekki	0	0,0%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	126	100,0%	

Spurning 4_b. Atvinnuleysi í ferðapjónustu í COVID-19-faraldrinum hefur bitnað meira á erlendum starfsmönnum en innlendum á svæðinu

		Mjög	Frekar	Hvorki né	Frekar	Mjög	Fjöldi	Fjöldi	Meðaltal
		ósammála	ósammála		sammála	sammála	(með vigt)		
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	3,3%	7,3%	23,4%	32,4%	33,6%	110	121	3,9
Kyn	Karl	1,7%	10,3%	19,4%	31,0%	37,6%	53	58	3,9
	Kona	4,7%	4,6%	27,0%	33,6%	30,0%	57	63	3,8
Aldur **	18 - 29 ára	0,0%	0,0%	28,6%	35,7%	35,7%	15	14	4,1
	30 - 44 ára	0,0%	12,9%	22,6%	32,3%	32,3%	27	31	3,8
	45 - 59 ára	9,7%	12,9%	29,0%	35,5%	12,9%	29	31	3,3
	60 ára og eldri	2,2%	2,2%	17,8%	28,9%	48,9%	39	45	4,2
Menntun	Grunnskólanám eða minna	3,8%	11,1%	22,3%	29,3%	33,4%	24	27	3,8
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	4,3%	26,1%	33,5%	36,1%	43	47	4,0
	Annað starfsnám	9,5%	0,0%	49,4%	31,5%	9,5%	9	10	3,3
	Háskólapróf	5,5%	10,6%	13,6%	33,2%	37,1%	34	37	3,9
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	5,3%	22,5%	11,7%	60,5%	17	18	4,3
	6-10 ár	8,5%	16,7%	16,7%	32,9%	25,1%	11	12	3,5
	11-20 ár	0,0%	9,2%	53,8%	26,3%	10,7%	10	11	3,4
	21-30 ár	0,0%	4,3%	24,7%	43,1%	27,8%	20	21	3,9
	Lengur en 30 ár	5,2%	6,9%	18,6%	35,8%	33,5%	52	59	3,9
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	4,9%	6,4%	18,2%	47,9%	22,6%	56	61	3,8
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	3,4%	6,8%	30,8%	19,5%	39,5%	27	30	3,8
	Í námi	0,0%	0,0%	17,2%	31,2%	51,6%	6	6	4,3
	Á eftirlaunum	0,0%	0,0%	25,0%	16,7%	58,3%	10	12	4,3
	Annað	0,0%	27,3%	27,4%	0,0%	45,2%	10	11	3,6
Starfar þú við ferðapjónustu? *	Já	4,2%	14,8%	28,1%	27,8%	25,0%	42	47	3,5
	Nei	2,7%	2,7%	20,4%	35,2%	39,0%	68	74	4,1

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_b. Atvinnuleysi í ferðapjónustu í COVID-19-faraldrinum hefur bitnað meira á erlendum starfsmönnum en innlendum á svæðinu

		Mjög	Frekar	Hvorki né	Frekar	Mjög	Fjöldi	Fjöldi	Meðaltal
		ósammála	ósammála		sammála	sammála	(með vigt)		
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	3,3%	11,1%	21,0%	33,7%	31,0%	1151	1045	3,8
Búseta ***	Reykjavík (101)	1,6%	4,5%	12,4%	38,2%	43,3%	444	336	4,2
	Ísafjörður (400)	4,6%	19,7%	27,4%	31,3%	17,1%	350	287	3,4
	Mývatn (660)	3,3%	7,3%	23,4%	32,4%	33,6%	110	121	3,9
	Höfn (780)	4,4%	12,3%	26,1%	29,9%	27,4%	248	301	3,6

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_b. Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	4	3,2%	3,3%
Frekar ósammála	9	7,1%	7,4%
Hvorki né	28	22,2%	23,1%
Frekar sammála	39	31,0%	32,2%
Mjög sammála	41	32,5%	33,9%
Gild svör	121	96,0%	100,0%
Gildir svarendur	121	96,0%	
Veit ekki	5	4,0%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	126	100,0%	

Spurning 4_c. Vegna fækkunar erlendra ferðamanna árið 2020 er heimabyggðin mín dauflegri en áður

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	3,3%	8,2%	6,6%	29,4%	52,5%	113	124	4,2
Kyn	Karl	3,6%	11,7%	3,6%	26,9%	54,2%	55	60	4,2
	Kona	3,0%	4,9%	9,5%	31,7%	50,9%	58	64	4,2
Aldur	18 - 29 ára	6,7%	13,3%	13,3%	33,3%	33,3%	16	15	3,7
	30 - 44 ára	3,0%	9,1%	6,1%	30,3%	51,5%	29	33	4,2
	45 - 59 ára	0,0%	6,5%	6,5%	45,2%	41,9%	29	31	4,2
	60 ára og eldri	4,4%	6,7%	4,4%	15,6%	68,9%	39	45	4,4
Menntun	Grunnskólanám eða minna	4,6%	7,7%	7,5%	19,2%	60,9%	23	26	4,2
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	10,2%	8,9%	34,6%	46,3%	45	49	4,2
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	8,8%	17,9%	73,3%	10	11	4,6
	Háskólapróf	7,6%	8,2%	2,5%	32,6%	49,0%	35	38	4,1
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	11,1%	5,0%	21,2%	62,7%	18	19	4,4
	6-10 ár	0,0%	16,7%	8,2%	41,8%	33,3%	11	12	3,9
	11-20 ár	0,0%	9,2%	10,7%	26,7%	53,4%	10	11	4,2
	21-30 ár	9,5%	5,2%	5,2%	42,7%	37,3%	21	21	3,9
	Lengur en 30 ár	3,2%	6,5%	6,6%	25,0%	58,7%	54	61	4,3
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	1,5%	6,8%	6,3%	36,5%	48,9%	57	63	4,2
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	3,1%	12,8%	3,1%	21,0%	59,9%	28	31	4,2
	Í námi	14,7%	0,0%	29,3%	26,7%	29,3%	7	7	3,6
	Á eftirlaunum	8,3%	8,3%	0,0%	16,7%	66,7%	10	12	4,3
	Annað	0,0%	9,9%	9,8%	30,0%	50,3%	9	10	4,2
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	4,1%	8,7%	4,2%	25,4%	57,7%	43	48	4,2
	Nei	2,8%	7,9%	8,2%	31,8%	49,3%	70	76	4,2

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_c. Vegna fækkunar erlendra ferðamanna árið 2020 er heimabyggðin mín dauflegri en áður

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki né	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	3,7%	10,3%	7,5%	32,8%	45,6%	1344	1213	4,1
Búseta ***	Reykjavík (101)	3,2%	9,1%	6,7%	30,2%	50,8%	512	389	4,2
	Ísafjörður (400)	5,9%	15,5%	9,7%	36,5%	32,5%	448	372	3,7
	Mývatn (660)	3,3%	8,2%	6,6%	29,4%	52,5%	113	124	4,2
	Höfn (780)	1,5%	4,9%	5,8%	33,3%	54,5%	272	328	4,3

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_c. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	4	3,2%	3,2%
Frekar ósammála	10	7,9%	8,1%
Hvorki né	8	6,3%	6,5%
Frekar sammála	36	28,6%	29,0%
Mjög sammála	66	52,4%	53,2%
Gild svör	124	98,4%	100,0%
Gildir svarendur	124	98,4%	
Veit ekki	2	1,6%	
